



ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS


1951

**VALIN  
EFNI**


**VÖNDUÐ SMÍÐ**



**VÖLUNDAR  
TIMBUR**



**VÖLUNDAR  
HURÐIR**



**BÍLSKÚRS  
HURÐIR**



**VÖLUNDAR  
GLUGGAR**

**TIMBURVERZLUNIN VÖLUNDUR HF**

---

# OSTAR

**Mjólkurbú Flóamanna  
framleðir eftirtaldar  
ostategundir:**

Skorpulaus ostur 45%

Skorpulaus ostur 30%

Schweizer ostur 45%

Rækjuostur í 100 gr. dósum

Kjarnabatur í túbum

Stærkur smurostur í 200 gr. dósum

Sveppaostur í 200 gr. dósum

Kúmenostur í 200 gr. dósum

Myringur í 200 gr. dósum

*Þessar ostar eru seld í umliggjandi og í öðrum flestum matvæðisstöðum*

**MJÓLKURBÚ FLÓAMANNA**

---

---

# Kaupfélag Borgfirðinga

BORGARNESI

Fjölþætt varslun og þjónusta við félagsmenn kaupfélaganna gerir okkur einnig fært að ljúða ferðalóki margra kónar véna og þjónustu.

Í Borgarnesi starfsökjum við margar verslanendefdir, sem meðal annars hafa á aðstoðum flestar nauðsynjar til ferðalaga.

Matvéður — fatnað — skoðvéður — hlíf og bækur — bensín og olía — o. m. fl.

Höfum opnað verslunarstöð í Ólafsvík og á Hellisandi. Áð Vegamótum í Mikleholtshreppi höfum við varslun og veitingarís.

● Verið velkomin. — Reynið viðskiptin.

**KAUPFÉLAG BORGFIÐINGA**  
**BORGARNESI**

---

# ÁRSRIT

## SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

### 1971


#### EFNI:

	Bls.
<i>Hákon Bjarnason: Um friðun lands og frjósemi jarð- vegs</i> .....	4
<i>Guðmundur Marteinnsson: Skógræktarfélag Reykjavík- ur 25 ára</i> .....	20
<i>Hákon Guðmundsson: Reistur minnisvarði</i> .....	36
<i>Vilhjálmur Sigtryggsson: Kynnisferð um græðireiti í Noregi og Danmörku haustið 1970</i> .....	38
<i>Hákon Bjarnason: Störf Skógræktar ríkisins 1970</i> .....	44
<i>Snorri Sigurðsson: Störf skógræktarfélaganna 1970</i> .....	50
<i>Haukur Ragnarsson: Ágrip úr ársskýrslum Rannsókn- arstöðvar Skógræktar ríkisins árin 1969-1970</i> .....	56
<i>Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1970</i> .....	61
<i>Stjórnir héraðsskógræktarfélaganna og félagatala 1970</i> .....	64
<i>Reikningar Skógræktarfélags Íslands 1969</i> .....	66
<i>Reikningar Landgræðslusjóðs 1969</i> .....	77
<i>Annað efni</i> .....	35, 49, 60

*Mynd á kápu:*

Úr Mörkinni á Hallormsstað.

Ljósm.: H. B.



ÚTGEFANDI:

**SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS**

RÁNARGÖTU 18 - REYKJAVÍK

*Sími 18150*

RITSTJÓRI:

**SNORRI SIGURÐSSON**

*Gefið út í 4.800 eintökum*

Prentsmiðjan ODDI hf.

Reykjavík 1971

## Um friðun lands og frjósemi jarðvegs

Árið 1942 skrifaði ég grein í Ársrit Skógræktarfélagssins, sem hét Ábúð og örtröð. Þar er í fyrsta sinni gerð tilraun til að áætla stærð gróðurlendis á Íslandi. Var þetta gert með hliðsjón af mælingum á hæðaskiptingu landsins, ýmsum kortum herforingjaráðsins og athugunum í nokkrum héruðum.

Niðurstöður voru þær, að gróðurlendi landsins væri nú innan við helming þess, sem það hefði verið á landnámsöld. Þá voru og færð rök fyrir því, að búseta manna og rányrkja væri frumorsök að eyðingu gróðurs og jarðvegs, en síðan hefðu önnur og sterkari öfl lagst á sömu sveif. Þótt ýmsir yrðu til að véfengja það, sem sagt var í greininni, stendur það flest, ef ekki allt, enn óhaggað. (1)

Í ritgerðinni var lítið eitt að því vikið, að frjósemi hins gróðurberandi lands, sem enn er eftir, hefði mjög gengið til þurrðar fyrir þrotlausa notkun. Þá var þetta atriði lítt kannað, og er að vísu enn, en nú liggur margt ljósara fyrir en áður, og er það efni þessa erindis að benda á með ýmsum dæmum hvíllur munur getur verið á frjósemi þess jarðvegs, sem notið hefur hvíldar um nokkurt skeið, og hins, sem sífellt hefur verið nytjaður með beit.

Þessi grein er því framhald af fyrri grein, þótt þrjú tugir vetra séu á milli þess að þær eru skrifaðar.

### ALMENN ATRIDI

Í jarðveginum, moldinni, er upphaf og undirstaða alls lífs á löndum jarðarinnar. Jarðvegurinn er tengiliður hinnar dauðu og lifandi náttúru fyrir tilverknað ljóss og hita, lofts og vatns, eins og segir í Völuspá:

„Sól skein sunnan á salar steina,  
þá var grund gróin grænum lauki.“

Eðli og eiginleikar jarðvegs er óendalega fjölpætt. Efnaskipti í jarðvegi, efnaupptaka plantna, líf sveppa og þörungna, baktería og ótal smá-

dýra helst allt í hendur á nákvæman og hárfínan hátt. Fari eitthvað úr skorðum í þessu fjölpættu og margslungna kerfi rýma gæði jarðvegsins og ávöxtur hans minnkar.

Jarðvegurinn eða frjósmoldin öðru nafni er ekki nema örþunnt lag á yfirborði jarðar, oft ekki nema 20 til 30 sentimetrar á þykkt og á stundum enn þynnra. Úr þessu lagi taka allar plöntur jarðnæringu sína nema trén og fáeinar aðrar. Trén sækja nokkuð af næringu sinni langtum dýpra, og því vinna þau öðrum plöntum fremur að því að mynda frjóa jörð.

Í bók um jarðvegsvernd segir Bandaríkjamadurinn H. H. Bennett frá því, að það taki náttúruna allt að sjö þúsund ár að mynda 20 sentimetra þykka frjósmold. Hinsvegar eru dæmi þess að menn hafi eyðilagt þetta mikla sköpunarverk á fáeinum áratugum fyrir fávisku og óforsjálmi. Og hann getur þess ennfremur, að þrátt fyrir mikla tækni, tilbúinn áburð og önnur hjálpargögn, geti menn ekki búið til nýjan og frjóan jarðveg á skömmum tíma. Því sé betra að varðveita og bæta það, sem enn sé til. Þetta og margt fleira athyglisvert stendur í hinni ágætu bók, Soil Conservation, sem var einskonar biblía bandarískra jarðvegsverndarmanna. (2)

Flestum þjóðum Evrópu hefur tekist að halda við frjósemi akra sinna allt frá dögum Rómverja með því að nota búfjáráburð, hafa sáðskipti, rækta belgjurtir og leggja akra í tröð á fárra ára fresti. Þessar ræktunaraðferðir gleymdust þegar Evrópumenn námu ný lönd í öðrum heimsálfum og gátu upp skorið margfaldan ávöxt við það, sem áður þekktist, meðan þeir voru að eta upp frjósemi hins ósnortna jarðvegs.

Endirinn varð sá, að þeir hafa eyðilagt frjó og stór lönd, sem að samanlögðu eru stærri en öll ræktunarlönd Evrópu, og þúsundir á þúsundir ofan hafa farið á vonarvöl þegar gæði hinna nýju landa voru þurrausín, hvort heldur var í Ameríku, Afríku eða Ástralíu. Í öllum þessum álfum eru nú óhemju landsvæði ýmist öreydd eða til lítils nýt.

Þótt einkennilegt megi virðast hefur þetta

sama orðið hér á landi. Að vísu var ekki um akuryrkju að ræða á Íslandi heldur búfjárhald, en slíkt gildir einu, því að í báðum tilvikum er um hreina rányrkju að ræða með þeim afleiðingum að gæði jarðvegs ganga til þurrðar.

Ísland er svo illa farið eftir 1100 ára búsetu að þau lönd munu fá, sem góldið hafa jafnmikið afhroð að því er eyðingu gróðurs og jarðvegs snertir. Til þess liggja margar samverkandi orsakir, en hin upphaflega orsök, frumorsökin, sem öllu kemur á stað, er búsetan og óskynsamleg nýting lands.

Loks er þó svo komið að hér eru til lönd, sem hafa notið friðunar í hart nær sjö tugi ára, og ýms önnur, er hafa verið friðuð um alllangt skeið. Innan girðinganna hafa miklar breytingar orðið á gróðri og jarðvegi, og með samanburði á þessum löndum og hinum, sem enn eru ófriðuð, má draga ýmsar lærdómsríkar ályktanir. Þeir Steindór Steindórsson, Haukur Ragnarsson, Eyþór Einarsson og ef til vill fleiri hafa rannsakað gróður á friðuðum og ófriðuðum löndum og birt ritgerðir um. (3-5) Verður því

gróðurlýsingum sleppt að mestu í því, sem á eftir fer. Hinsvegar verður ýmsum stöðum lýst nokkuð og þeir bornir saman við ófriðað land. Getur þá hver, sem áhuga hefur fyrir þessu, ferðast um landið, virt fyrir sér staðina og kveðið upp eigin dóm.

#### HALLORMSSTAÐUR OG HAFURSÁ

Skógargirðingin á Hallormsstað var reist fyrir 66 árum. Fyrstu 35 árin var nokkur beit í skóginum, en eftir 1940 hefur landið verið alfriðað. Af gömlum lýsingum má ráða að innan norðurmarka girðingarinnar var landið mjög svipað og land Hafursár, sem er næsta jörð norðan Hallormsstaðar, að því undanskildu að þar voru kræklóttir birkirunnar á víð og dreif og leifar af raftskógi stóðu í smálundum. Að öðru leyti voru þetta þursaskeggsmóar með mýrasundum og votlendisdrögum.

Nú er svo komið, að birkiskógur rís sem veggur með endilangri girðingunni, og er landið allt birki vaxið. Með þessu er sagan þó ekki nema



Þessi mynd var tekin árið 1906 af landinu beggja megin Hafursár. Sjást nokkrir strjálir og bitnir runnar innan girðingar, sem var reist árið áður. C. E. Flensborg tók myndina, en maðurinn við girðinguna er A. F. Kofoed-Hansen.



*Loftmynd af nyrsta hluta Hallormsstaðaskógar, sem sýnir skóginn standa eins og vegg við girðinguna.  
Landmælingar Íslands.*

hálf sögð. Hér eru komin ný gróðurlendi undir skóginum, ýmist blómlendi, graslendi eða lyngmóar í stað ófrjórna þursaskeggsmóa. Fer það sýnilega eftir jarðvegsraka hvaða gróðurlendi ber sigur af hólmi. Í dældum, þar sem rakinn er jafnastur og mestur, er blómlendisgróður, blágresi, hrútaber, bláklukka og brennisóley, og auk þess urmull af sjálfásnum reyniviði, og hér er jarðvegurinn orðinn veltifrjór. Í jöðrum dældanna er graslendi en á hryggjum milli dælda hefur lynggróður yfirhöndina, en þar er jarðvegur þynnstur og þurrastur. Vöxtur birkisins fer einnig eftir jarðrakanum. Hann er mestur í dældum en minnstur á hryggjum.

Til samanburðar við þetta land er svo Hafursárlandið, sem er steipt í nákvæmlega sama mót. Hér eru allar skógarleifar uppnar fyrir löngu nema fáeinir brúskar í ótræðum klettum, og landið allt er þursaskeggsmóar með litlum mýrasundum. Móarnir eru svo magrir, að plönturnar ná varla að vaxa meir en í skóvarp. Þetta er eitt hið ófrjóasta land, sem til er á byggðu

bóli, og það er einskis virði til beitar. Þótt móarnir séu kenndir við þursaskegg vaxa ýmsar aðrar plöntur ásamt því, svo sem krækilyng, rjúpnalauf, lambagras, brjóstagras, blóðberg, vallhæra og hjarnarbroddur auk þyrkingslegs og lágvaxins grámosa. Allt eru þetta einhverjar hinar nægjusömustu plöntur gróðurríkisins, og á þessum stað eru þær undarlega smávaxnar. En það talar skýru máli um þann sult, sem þær eiga við að búa.

Muninn á þessum tveim löndum, sem liggja hér hlið við hlið, er aðeins unnt að rekja til þeirrar meðferðar, sem þau hafa hlotið. Annað hefur verið þrautbeitt um langan aldur en hinu hlíft við beit í 35 ár og síðan alfriðað í 31 ár.

Sagan er þó ekki full sögð enn. Reist var girðing meðfram Lagarfljóti árið 1964 um neðanvert land Hafursár og Mjóaness. Nú mætti ætla að hér væri þegar orðin nokkur gróðurfarsbreyting í sömu átt og á Hallormsstað, en svo er þó ekki enn sem komið er. Að vísu er gróður



að aukast á landinu en hann fer sér hægt. Blómplöntur sjást aðeins og grasvöxtur eykst nokkuð. Þetta sýnir hve gróðurfarsbreytingin er hægfara, hve jarðvegurinn er lengi að endurheimta frjósemi sína eftir að gróðri hefur verið ofgert um langt skeið.

#### HÁLSMELAR Í FNJÓSKADAL

Árið 1909 var Vaglaskógur í Fnjóskadal girtur og friðaður. Kom þar hið sama fram og á Hallormsstað, skógur óx upp eins og veggur við girðinguna. Utan hennar voru örfoka melar með gróðurtorfum hingað og þangað, einkum í dældum og við brekkurætur. Á gróðurtorfunum var lynggróður ásamt fjalldrapa og lítillsháttar víði, en í snjóðældunum lágvaxnar leifar af birki, sem víðast hvar náði í ökla eða mjóalegg.

Árið 1946 var skógargirðingin færð út að þjóðveginum að Ljósavatnsskarði. Fram undir 1960 varð lítilla gróðurfarsbreytinga vart á gróðurtorfunum nema í snjóðældunum. Þar fór birki strax að teygja úr sér og hefur víða náð 5 metra hæð. Í mörg ár virtist friðun móanna ekki svara kostnaði. Að vísu breiddu bæði loðvíðir og gulvíðir mjög úr sér, og hér varð ágætt berjaland. Um og einkum eftir 1960 fór að bera nokkuð á birki víðsvegar um móana, og nú er svo komið, að þeir munu hlaupa í

skóg á næstu árum. Samtímis þessu má sjá, að graslendi er að breiðast út í lynglendinu, og bendir það til að jarðvegur sé að breytast til batnaðar. Sá er þó munurinn á birkinu á mónum og hinu í snjóðældunum, að á mónum eru árssprotar þess bæði styttri og grennri en í dældunum. Þessi munur mun væntanlega minnka þegar frjósemi móanna eykst.

Melarnir milli móabardanna voru því næst gróðurvana þegar friðun hófst og sjálfræðslu hefur miðað afar seint, enda er hér bæði þurrviðrasamt og þurrlent. Sáð var grasfræi á tveim stöðum í melana á öðru ári friðunarinnar. Fræið var að mestu venjulegt erlent verslunarfræ, en nokkuð af íslenskum uppruna frá Sámsstöðum. Svo var tilbúnum áburði stráð yfir þegar grasið kom upp. Þetta tókst ágætlega, og þarna voru um 2 hektarar lands iðjagrænir meðan á þá var borið. Ennfremur var melgresisfræi sáð í annan reitinn, þar sem ofurlítill sandburður var, og nokkrum hnefum af birki-fræi í hinn reitinn.

Á melunum er mikið lausagrjót, og því var ekki unnt að slá grasið og hirða, og af auðskildum ástæðum voru þeir ekki beittir. Áburðargjöf var fram haldið í ein þrjú fjögur ár, og þegar grasrótin var orðin sæmilega þétt þótti ekki lengur ástæða til að halda henni áfram. Ekki liðu nema ein tvö ár uns grasrótin gisnaði mjög og hundasúra breiddist út. Áður

*Í snjóðældunum norður af Vaglaskógi var töluverð birkikræða þegar landið var friðað 1946. Hér hefur vaxið upp þétt birkikjarr, og er hið hæsta um og yfir 5 metra.*

*Maí, 1971. H. B.*





*Af mótum nyrst í Vagla-landi, sem hafa verið friðaðir síðan 1946. Lítila gróðurfarsbreytinga varð vart fyrir en um 1960. Ljósu blettirnir eru sína, sem sýnir að lynglendið er að breytast í graslendi.*

*Maí, 1971. H. B.*

en varði sló hundasúran rauðum lit á landið í ein tvö ár, og svo hvarf bæði hún og sáðgresið að mestu. En túnvingull sá, sem var fyrir í landinu, hefur náð að festa sig og dreifast út, og er hann miklu þéttari en áður. Af birkifræinu hafa vaxið upp runnar á miðri efri sáðflötinni og eru þeir hæstu um mannhæð. Þetta er ekki mikill vöxtur á fjórðungi aldar, en þeir standa á þurrum og skjóllausum mel. Sýnir þetta betur en annað lífskraft og þrautseigju birkisins.

Af melgresinu í hinum reitnum fara litlar sögur; það hjarir í nokkrum þúfnakollum en breiðist ekki út því að hér er ekkert áfok.

Á þriðja staðnum á melunum var tilbúnum áburði dreift á þann gisna gróður, sem fyrir var, en engu verið sáð. Þetta hefur orðið til þess að á nokkrum árum er hér komin nærri samfeld túnvingulsbreiða. Þessi gróður heldur áfram að lifa þótt áburðargjöf hætti, en vöxtur hans verður býsna lítill ár hvert meðan jarðvegur er að myndast á ný.



*Birkirunnar, sem sáð var til í beran mel vorið 1947, nálægt norðurmörkum girðingarinnar um Vagla-skóg.*

*Maí, 1971. H. B.*



*Hvarvetna eru rofin á melunum að síga saman og gróa. Er það bein afleiðing friðunarinnar og sýnir að hún ein er næg til að stöðva frekari uppblástur á þessum stað.*

*23. maí 1971. H. B.*

Reitirnir, sem nú hefur verið lýst, sýna glögg tve grasrækt með tilbúnum áburði og erlendu fræi stendur tæpt við íslensk skilyrði, ef henni er ekki haldið við með sífeldri áburðargjöf. Hinsvegar er ljóst að íslenskur vingull og birki geta klætt þetta land til frambúðar, en sú græðsla tekur auðvitað langan tíma.

Á undanförunum árum hefur lúpína verið gróðursett víða um þessa mela. Sýnt er, að hún getur breiðst út um landið á skömmum tíma. Lúpínan hefur þann kost umfram margar aðr-

ar plöntur, að hún þarf engan áburð og sáir sér ört. Rætur hennar ganga mjög djúpt í jörð, og á nokkrum árum getur hún breytt ógrónum melum í frjóa jörð. Í skjóli hennar komast ýmsar innlendar plöntur til betri þroska en ella. Þá fá bæði ánamaðkar og hunangsflugur hin ákjósanlegustu lífsskilyrði.

Þetta er í stórum dráttum sagan af friðun melanna og landsins norðan Vaglaskógar, og er margt líkt því sem er við Hallormsstaðaskóg. (6).

*Túnvingulsbreiða, sem vaxið hefur upp af frumgróðri melsins eftir endurteknar áburðargjafir í 4 vor. Hér hefur engu verið sáð, en áburðargjafir svöruðu til þess, sem dreift er á tún.*

*Sept. 1971. H.B.*



### FRÁ EIÐUM OG ÞELAMÖRK

Þá má nefna tvo staði, þar sem friðun lands hefur orðið á nokkuð annan veg en hér hefur verið sagt frá. Árið 1927 var lítill girðing sett upp um ásinn norðvestan Hústjarnar á Eiðum, en þar voru örlitlar leifar af birkikvisti í brekkurótunum. Innan fárra ára kom mikið af birki í ljós víðsvegar um allt landið. Þegar sýnt þótti að þessi friðun spáði mjög góðu komu fram óskir um að friða allt land Eiða milli Lagarfljóts og Þjóðveggarins, um 500 hektara svæði. Með því að hér yrði mikið í ráðist varði ég nokkrum tíma í að leita að birkigróðri í landinu áður en ákvörðun væri tekin. Fór ég víða um landið við þriðja mann í hálfan dag í leit að birki. Fundum við aðeins þrjár plöntur í þessari löngu leit. Var ég að vonum daufrúa á að friðun landsins bæri mikinn árangur. Samt



Á Vöglum á Þelamörk, 17 km fyrir norðan Akureyri, hefur birki vaxið upp af gömlum rötum eftir friðun landsins 1934.

Maí, 1971. H. B.

varð það úr, að landið var girt árið 1939, og nú 32 árum síðar, eru birkirunnar vígsvegar út um allt landið. Þeir eru misjafnlega þéttir, þéttastir á mótum ása og flatlendis, þar sem skaflar liggja lengst, en ásahryggirnir eru enn að mestu berir. Sumsstaðar er sjálfsáð birki, og er mest af því í gömlu girðingunni og nágrenni hennar, eins og von er til.

Eiðaland var allt skógi vaxið áður fyrr. Áreiðanlegar sagnir eru til um skógaleifar á ýmsum stöðum í Eiðalandi frá öldinni sem leið. Hinsvegar var landið orðið svo upp urið á fyrstu tugum þessarar aldar að menn efuðust um, að sagnirnar væru rétt hermdar. Landið allt var orðið að þurrum fjalldrapa- og lyngmóum með mýrasundum á milli, en kollar ásanna víða að blása upp. Orsakir til gróðurfarsbreytingarinnar geta ekki verið nema tvær, fyrst gegndarlaust skógarhögg framan af öldum ásamt beit, og svo síðar beitin ein, eftir að skógurinn var fallinn.

Í landi Eiða er mesti urmull kolagrafa út um allt, og sýna þær gleggst, að þar hafi áður verið mikill skógur. Fornar frásagnir þarf því ekki að draga í efa. En það mun allt að því einsdæmi að finna botn úr kolagröf uppi á háum ási í blásnu flagi, en fyrir 30 árum kom slíkur botn í ljós undir svokölluðum Timburhöfða nyrst á Hústjarnarásnum. Einhvern tíma hefur háásinn verið ruddur til kolgerðar. Því ekki hafa menn dregið kurlið upp brattar brekkur að gröfinni. (7).

Annað og svipað dæmi um birkirætur í jörðu er úr Hörgárdal. Skömmu eftir að Steindór Steindórsson skólameistari settist að á Akureyri sagði hann Jónasi Þór verksmiðjustjóra frá því, að á unglingsárum sínum hefði hann fundið litla birkikvisti í landi Vagla á Þelamörk, þar sem enþá hét Vaglaskógur. Jónas skoðaði landið og með því að Skógræktarfélag Eyfirðinga var þá nýstofnað og Jónas einn af forgöngumönnum þess varð það úr, að reist var girðing um litla landsspildu árið 1934. Á næstu árum kom birki víða upp úr mounum, og smáþéttist það eftir því sem árin liðu. Nú eru þar um og yfir 6 m há tré, og eru sum af þeim beinvaxin og falleg. Að auki er víða mikið af nýgræðingi, sem vaxið hefur af fræjum elstu trjána. Hér er að vaxa upp samfeldur birkiskógur, að nokkru af rötum, sem lifað hafa í jörð um tugi

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1971

ára, og sumpart af sjálfsánum afkvæmum nýgræðinganna.

Hér er sömu sögu að segja og frá Eiðum. Til voru sagnir og heimildir um kjarr og skóg á þessum stað frá miðbiki síðustu aldar, sem menn lögðu líttinn trúnað á. En þetta hefur víðar átt sér stað við Eyjafjörð. Á Miðhálsstöðum skammt frá Bægisá, hefur birki lifnað af gömlum rötum við friðun lands, og sama hefur einnig átt sér stað á brúnum Garðsárgils, sem Skógræktarfélag Eyfirðinga lét friða fyrir nokkrum áratugum. Loks má geta þess, að nyrst á Þorvaldsdal kom birki upp úr múnunum eftir sauðleysisárin vegna fjárskipta fyrir rúmum tuttugu árum. En sá gróður hvarf eins og döggi fyrir sólu þegar fé fjölgaði á ný.

#### HAUKADALUR Í BISKUPSTUNGUM

Nú vikur sögunni suður á land. Árið 1938 var reist mikil girðing um stóran hluta Haukadals í Biskupstungum. Tók hún yfir allar hlíðarnar og gekk nokkuð inn á heiðina, þannig að mestallt gróðurlendið í hálendisbrúninni varð innan hennar. Um mörg ár hafði verið mikil sumararbeit á þessu landi, en vetrararbeit fremur lítil eftir því, sem gerist á þessum slóðum. Fyrr á tímum voru þó stór og mikil fjárbú í Haukadal og hjáleigum jarðarinnar. Ótal beitarhúsatættur frá ýmsum tímum byggðarinnar tala sínu máli.

Þegar landið var girt voru hlíðar allar vaxnar afar kræklóttu kjarri, en það náði skammt niður á láglandið. Flatlendið var ýmist lyngmóar eða mýrar. Efst og norðaustast í landinu voru víðlendur vallendisflatir, all sandbornar af áfoki ofan af heiðinni. Þær voru sem óðast að blása upp og margir moldargeirar skáru sig eins og spjótsoðdar niður eftir hlíðunum. Tveir þeirra voru mestir og lengstir; náðu næstum ofan í miðjar hlíðar, og mátti sjá þá lengjast ár frá ári. Úr geirum þessum og rofum lagði moldarmökkinn yfir heimalandið hvenær sem vindur blés af norðaustri.

Þegar landið hafði verið girt voru öll rofabörðin á heiðinni, sem mest mæddi á, stungin niður og tyrfð að nokkru samkvæmt gamalli aðferð. Þá voru einnig 900 hestburðir af hrísi reiddir upp brekkurnar og lagðir í geirana. Við þessar aðgerðir minnkaði fokið strax til muna og hefur farið minnkandi æ síðan, svo



*Birkið á Þelamörkinni hefur borið þroskað frá um allmörg ár og víða er mikið af nýgræðingi á ýmsum aldri.*

*Maí, 1971. H. B.*

að nú er enginn uppblástur innan girðingar sem orð er á gerandi (8, bls. 34-36). Nú eru jaðrar geiranna vaxnir þéttum loðvíðibrúskum, sem eru að breiða sig ofan á moldirnar. Gulvíðis gætir ofurlítið þar sem raki er í jörð, og svo er lágvaxið skriðult birki hingað og þangað innan um víðirinn.

Rofin eru víða há, meðalhæð mun vera nálægt 2 metrum, en hæstu rofin eru allt upp í 4 metra. Um helmingur af þykkt jarðvegsins hefur hlaðist upp eftir aldamótin 1700. Af frásögn Jarðabókar Árna og Páls virðist sem Haukadalsheiðin hafi að mestu verið samfellt gróið land um þetta leyti, því þar er sagt að uppblástur sé að hefjast nyrst í landinu, og til eru öruggar sagnir um heyskap inni á heiði um miðja síðustu öld, þar sem nú er blásið grjótt, en það er önnur saga.



*Sinuflóki við gömul beitarhús á Hallormsstað. Snarrótar-punktur var allsráðandi en vellefting er að koma upp á blettum og lætur snarrótin þá undan síga smám saman.*

*Júní 1971. H. B.*

Öllum gróðri veitist erfitt að festa sig í sjálf rofin, bæði af því að „moldin“ í þeim er næringarlaus og líflaus, og þar að auki svo laus í sér að rótfasta er lítil sem engin fyrir litlar plöntur. Þegar þessi rof eru athuguð nú eftir þriggja áratuga friðun, kemur í ljós að þau, sem vita til landsuðurs, eru mörg hver að verða algróin. Það eru einkum víðitegundirnar, sem mynda gróðurþúfur utan í rofunum, og í þeim og við þær eru svo ýmsar tegundir jurta og grasa. Hinsvegar eru rofin, sem snúa móti norð-vestanáttinni, enn að mestu ógróin. Á þeirri hlið mæða þurrir vindar og sólar nýtur lítt, en suðausturhliðin fær bæði vætu og sól.

Rétt er að geta þess, að norðan girðingarinnar í Haukadal eru fáeinar gróðurtorfur, sem enn blæs úr. Að öðru leyti er heiðin öll örblásin inn að Einifelli og Sandvatnshlíðum. Rykmekkir þeir, sem koma ofan af heiðinni í norðaustanátt á sólbjörtum sumardögum og myrkva himininn við Geysi, eiga að mestu upptök sín á leirunum við Sandvatnið og eiga ekkert skylt við venjulegan uppblástur eða jarðvegsfok.

Strax á fyrstu árunum eftir friðunina í Haukadal urðu miklar breytingar á gróðurfari í kjarlendlinu í hlíðunum, en þær fóru öllu hægar á flatlendinu og í heiðinni. Virtist svo sem gróðurinn ykist því hraðar til hins betra eftir því sem álagið hafði verið minna. Í hlíð-

um Haukadals er nú mikið fjölgresi og eitt hið fegursta blómlendi, sem til er á öllu landinu. Í jurtastóðunum þar má m.a. sjá blágresi, fjalldalaffil, brönugras, hrútaberjalýng, mjaðarjurt, geitlu, hrafnaklukku, brennisóley, smjörgras, marfustakk og á ýmsum stöðum eru jarðarber. Ennfremur vex þar ferlaufasmári á einum stað. Hér eru því samankomnar allar vandlátustu blómjurtir Íslands og sýnir það gleggst frjósemi landsins. Að auki eru þar hinar venjulegu grastegundir, sem fylgja birkikjarri, auk velleftingar og margra tegunda mosa.

Á flatlendinu jókst fyrst lynggróður til muna en svo komu víðitegundirnar, loðvíðir og gulvíðir, en nokkur ár liðu áður en víðirinn náði sér á skrið. Nú er svo komið að móarnir eru orðnir að víðiflesjum en birkirunnar eru að teygja sig upp úr víðibreiðunum. Ber meira á birkinu með hverju ári sem líður. Sumsstaðar eru grasmóar, sem enn halda velli, og þar eru miklir sinuflókar frá hausti og fram á sumar.

Ýmsir hafa haldið því fram, að sinan spillti landi og væri til hinnar mestu óþurftar, en slíkt er fávíska. Hér er gróðurfarsbreytingin hægari en í kjarlendlinu og á mounum. Ýmsar blómjurtir eru smám saman að skjóta upp kollinum innan um grasið ásamt velleftingu. Við þetta gisnar grasrótin sinan minnkar og jörðin tekur á sig annan svip. Er þetta ótvírætt vottur

um að frjósemin aukist þótt hægt miði. Mýrarnar virðast hafa sama svip og áður en friðun hófst, en í jöðrum þeirra hefur lynggróður, einkum bláberjalýng, aukist svo undrum sætir. \*)

#### BLÓMJURTIR OG ELFTINGAR

Vöxtur blágresis, brennisóleyja og margra annara blómplantna er vottur um frjósemi, og af stærð þeirra og þroska má margt ráða um gæði jarðvegs og jarðraka. Hinsvegar munu menn lítið hafa leitt huga að því, hvaða þýðingu vallengtingin hefur fyrir allan annan gróður. Hún sést varla á beitolöndum þar eð hún þolir ekki traðk, en hinsvegar verður hennar oft vart eftir skamma friðun.

Miklar líkur benda til þess, að vallengtingin sé mikil nytjaplanta, og gildir slíkt sennilega um sumar aðrar tegundir elftingar. Kólfar elftinganna, eða rætlingar öðru nafni, ganga djúpt

\*) Á síðari árum hafa margskonar rannsóknir á gróðurlöndum og gróðurfarsbreytingum aukist stórkostlega, og hefur það leitt til betri skilnings á því nána sambengi, sem er á milli hinna ýmsu þátta hinnar lifandi náttúru. Þekking manna á breytingu gróðursamfélaganna stendur traustari fótum en áður, og því ætti að vera kleift að nýta gæði þeirra af meiri skynsemi en oft hefur verið. Þeir, sem kunna að hafa áhuga fyrir að kynna sér erlend rit um þetta, verða ýmist að leita til handbóka eða nýrra tímaritsgreina. Sú handbók, sem einna fremst er talin, er J. Braun-Blanquet: Pflanzensoziologie, Wien, 1964.

í jörð og greinast víða. Kólfarnir eru gildir og gljúpir, lausir í sér og svampkenndir að innan. Þeir sækja steinefni mjög djúpt í jörð og hljóta einnig að greiða mjög fyrir loft- og vatnsrás um jarðveginn.

Mér er ekki kunnugt um neinar rannsóknir á lífsstarfi elftinganna, og skal því ekki fullyrða neitt um þýðingu þeirra. En oft virðist það fara saman, að þegar vallengtingar fer að gæta að marki á friðuðu landi, þá er eins og frjósemi þess aukist um leið. Sem dæmi má nefna, að þegar barrtrjám er plantað í graslendi stöðvast vöxtur þeirra oft um stundarsakir. Svo virðist það fara nokkurnveginn saman, að vöxtur trjáanna byrjar á ný þegar vallengtingin hefur breiðst nægilega út.

Ósagt skal, hvort nokkuð orsakasambengi sé hér á milli, en ýmislegt bendir til þess. Hinsvegar er varla von, að menn hafi veitt elftingunni mikla athygli, þar sem hennar gætir ávalt lítið á landi, sem traðkað er, svo sem í úthögum.

Á vallendisflötunum ofan við kjarrskóginn hafa einnig orðið töluverðar breytingar á gróðurfari. Þar hafa bæði blágresi og hrútaber breiðst mjög út, en hvorugt sást þar varla áður, og svo er vallengtingin komin um allt. Hingað og þangað eru smávaxnir birkirunnar en víðitegundirnar hafa farið sér hægt, hver svo sem orsökinn kann að vera.

*Snemma sumars sést best, hve vallengtingin kemur þétt upp. Hún kemur á undan öðrum gróðri, en síðar skyggir hann á hana, og því taka menn ekki eins eftir henni.*

*Júní 1971. H. B.*



### VAXTARTREGÐA Í KJARRI

Sá gróður, sem minnstri breytingu hefur tekið við friðunina, er gamla kjarrið í hlíðunum. Að vísu hefur það þéttst og rjóður hafa víða horfið, en allt er það jafn kræklótt og áður. Vöxtur þess er einnig fremur hægur, jafnvel í frjóu landi.

Þegar þess er gætt, hvaða meðferð birkið hefur sætt um hundruð ára, er vart unnt að búast við miklu. Hér hafa öll tré verið felld til hverskonar búsnýtja öld fram af öld samtímis því að landið var beitt svo sem þurfa þótti. Þess vegna var þess enginn kostur, að skógurinn gæti endurnýjað sig af fræi. Birkikjarrið, sem nú þekur hlíðarnar, er allt vaxið upp af stofnum gamalla róta. Nú er það alþekkt fyrirbrigði, að ýmsar lauftrjátegundir, svo sem birki, eik, elri, ösp og margar aðrar, vaxa upp af rót eða stofni þegar tré eru feld, og koma þá oftast margir stofnar upp samtímis. Margir stofnar af gamalli rót ná aldrei sama vexti og einn af heilbrigðri rót, og þeim hættir til að kræklast í ýmsar áttir. Þegar svo þessir stofnar eru felldir koma enn fleiri upp í staðinn, en á milli þeirra og nýju rötanna verður eftir gamall bútur af stofni og gömul rötarhnyðja, og um þessa hnykludu og oft hálfúnu vefi verður öll næring trésins að fara. Af þessum sökum er ekki nokkur von til, að skóglendi, sem hafa sætt slíkri meðferð og þetta kjarr, geti nokkur tíma rétt úr kútnum. En slíka meðferð hafa nærri öll skóglendi landsins hlotið. (8)

### SKARFANES

Skarfaness í Landsveit er í hásuður af Þjórsárdal, sunnan og austan við buginn, sem áin tekur í vestur frá Búrfelli. Þetta er landnámsjörð, sem var byggð fram til 1941. Tvívegis hafði bærinn verið fluttur undan sandfoki, enda er austurhluti landsins örblásinn ofan á hraun, en vesturhlutinn gróinn. Nyrst í landinu voru skógarleifar í svonefndum Lambhaga. og hafa þær varið það, sem enn er eftir af gróðurlendinu, fyrir tortímingu. Þar voru áður beitarhús, en þau voru lögð niður 1926, þegar bóndanum gafst kostur á að girða land sitt af fyrir tilstilli Skógræktar ríkisins og Sandgræðslunnar. Með því var öllu aðkomufé bægt frá Skarfanesslandi og vetrarheit hætt í Lambhaganum. Við þetta

tók skógurinn miklum framförum og fór að breiðast út.

Árið 1942 var allt land jarðarinnar friðað þegar búskapur lagðist niður. Þá var gróðurlendið að mestu vallendisgrundir og móar með tölverðum víðikvisti, og nokkuð sandfok var þá enn af norðaustri inn yfir landið. Melgresi óx víða í jöðrum gróðurlendisins, en beitin, hafði haldið því niðri.

Eftir þriggja áratuga friðun hefur melgresið myndað háa og nokkurra metra breiða hólaröð meðfram gróðurlendinu, þannig að sandburður er hættur að mestu, en landið allt hefur breytt um svip. Skógurinn í Lambhaganum hefur færst mjög út og hækkað, en bæði gulvíðir og loðvíðir hafa vaxið svo upp úr mólendinu, að landið allt er orðið ein víðiflesja, frá bæ og norður að Lambhaga. En birki er sem óðast að teygja sig upp úr víðikjarrinu. og er það þéttast næst skóginum en gisnara er fjær dregur. Auðséd er að birkið er að vinna á, og virðist enginn vafi á, að landið verður allt skógi vaxið innan tíðar, ef svo heldur áfram sem verið hefur.

Í Lambhaganum geta menn séð, hvernig Landsveitin hefur verið áður fyrr, áður en henni var ofboðið af búsetunni. Ef horft er af melhólunum austur yfir auðnirnar til annarrar handar en vestur yfir víðiflesjurnar og skóginn á hina, er varla unnt að finna meiri andstæður auðnar og gróðurs. Þegar þess er gætt, að gróðureyðingin hefst ekki að marki fyrr en á öldinni sem leið, hlýtur mönnum að renna kalt vatn milli skinns og hörunds, ef þeir á annað borð hafa nokkra tilfinningu fyrir velferð lands og gróðurs. (9).

„ENDURMINNING ÞESS, ER VAR“.

Hér hafa verið nefnd nokkur dæmi þess, hvernig jarðvegur endurheimtir frjósemi sína og gróður eykst, þegar lönd fá að njóta friðunar. Mörg önnur dæmi mætti nefna, en þau yrðu öll á sömu lund, að landið eldist til bóta, ef því er sýnd vægð. Gefur þetta efni til margskonar hugleiðinga, meðal annars hvernig landið muni hafa litið út í árdaga, þegar menn settust hér að í ónumdu landi.

Þessu má nú orðið svara að miklu leyti, og byggist svarið á athugunum síðari ára. Samkvæmt hæðaskiptingu landsins má ætla að um helmingur þess hafi verið vaxinn samfeldum



gróðri eða um 50.000 ferkílómetrar, og hafa þá gróðurmörkin legið á milli 400 og 600 metra hæðar yfir sjó. Sé miðað við hæðamörk birkis eins og þau eru nú þarf ekki að fara í grafgötur um að gróðurlendið hefur aðallega verið birkiskógur og birkikjarr. Hæðamörkin hafa af ýmsum verið talin þessi: (10, 11 og eigin ath.)

*Á Suðurlandi:*

Haukadalur - Þórsmörk - Núpsstaðaskógur 300-400 metrar.

*Á Mið-hálendinu:*

Fróðárdalur - Austurdalur, Skagaf. - Gjáfjöll, S.-Þing. 500-550 metrar.

*Á Norðurlandi:*

Fnjóskadalur - Mývatnssveit 400-500 metrar.

*Á útskögum norðan og vestan:*

Tjörnes - Fljót - Vestfirðir 100-200 metrar.

Með því að um 45.000 ferkílómetrar lands eru undir 400 metra hæð yfir sjó og þar sem birkigróður fer töluvert yfir 400 metra hæð um miðbik landsins mætti ætla að um 40.000 ferkílómetrar hafi verið vaxnir birki á landnámsöld. Þar með er ekki sagt að birkið hafi myndað skóga á öllu þessu svæði. Til fjalla, við efstu hæðamörkin og á útskögum hefur birkið verið skriðult kjarr eins og enn er. Við slíkt mat sem þetta skortir allar upplýsingar um útbreiðslu mýra og votlendis á fyrri tímum, en víst er, að það hefur verið allmiklu minna en síðar hefur orðið sakir þess, að birkið þurrkar deiglendið auk þess sem það fikar sig oft langt út á mýrar þótt blautar séu.

Því er miður, að ókunnugt er með öllu um stærð og gæði birkisins í hinu forna skóglendi. En ef ráða má af líkum af því, sem nú þekkist, hefur birkið getað náð allt að 15 metra hæð og ef til vill nokkuð þar yfir, þar sem best voru skilyrðin. Annarsstaðar hefur það verið lægra og þéttara, allt ofan í kræðu við hæðamörkin, eins og áður segir. En á meðan birki þakti landið hefur hvergi verið um jarðvegseyðingu að ræða af völdum vatns eða vinda nema á takmörkuðum svæðum eftir skriðuföll eða náttúruhamfarir, sem skjótt hafa gróið upp aftur. Þar sem allur gróður hafði notið friðunar um nokkur þúsund ár hefur jarðvegur verið undra frjór og blómlendi bæði víðáttumikil og fögur.

Á fyrstu öldum byggðarinnar hefur landeyðingin farið hægt en færst í aukana eftir því, sem

aldri liðu. Hún hefur verið hröðust þar, sem þéttbýlt var og snjóalög minnst á veturnum. Þá hafa og harðæriskaflar flýtt fyrir jarðvegseyðingu, er þeir gengu yfir. Kom það greinilega í ljós á öldinni sem leið í Rangárvallasýslu á árunum 1830 til 1840 og aftur frá 1880 til 1890, en á báðum þessum tímabilum komu mörg þurr og köld ár í röð. Í annan stað hefur gróðurinn fengið hvíldir á fjárfellisárum, og kom slíkt glöggt í ljós meðan á fjárskiptum stóð eftir mæðiveikina milli 1940 og 1950. Þá kom birki upp úr mómum víðsvegar um land, oft þar sem enginn átti von á því. Þessi vonargróður er nú fyrir löngu upp étinn og öllum gleymdur.

*TIL ATHUGUNAR*

Af því, sem hér hefur verið sagt, ætti að vera ljóst, að gróður- og jarðvegsbreytingar til bóta verða með ýmsu móti og taka misjafnlega langan tíma. Þó mun ekkert af friðlöndum okkar vera orðið nógu gamalt til að sýna fullkominn árangur af gróðurvernd, eins og hann gæti mestur orðið. Til þess þarf sennilega tvær kynslóðir birkis eða allt að tveim öldum. Samt sem áður eru þær gróður- og jarðvegsbreytingar, sem þegar hafa komið í ljós, meir en nægar til að sýna, að landið þarf miklu betri meðferð en það hefur hlotið fram að þessu.

Við samanburð á friðuðu og ofríðuðu landi getur það ekki dulist neinum, að gróðri landsins er yfirleitt ofgert með þrotlausri og ótakmarkaðri beit. Meðan svo heldur áfram gengur bæði gróður og frjósemi jarðvegs til þurrðar jafnframt því sem gróðurlendin minnka.

Hér var hafin gróðurkortagerð fyrir nokkrum árum og hefur henni miðað drjúgt hin síðari ár. Gróðurkortin eru undirstaðan að skynsamlegri nýtingu landsins og því hin mesta nauðsyn. Væri vel ef kortagerðinni væri hraðað. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á beitarpóli, og hefur Ingvi Þorsteinsson staðið fyrir hvorutveggja. Sakir fjárskorts ná rannsóknirnar of skammt enn sem komið er og þyrfti sannarlega úr að bæta. Meðal annars skortir hér alveg athuganir á skaða þeim, sem traðkið veldur. Væri vel, ef þessi grein gæti orðið til þess, að menn sæu betur nauðsyn rannsókna. (12).

Slíkar rannsóknir hafa verið gerðar víða, meðal annars í fjallendum Mið-Evrópu. Getum við lært margt af þeim, því margt er svipað



*Jarðvegshnaus úr skóginum á Hallormsstað. Efst eru jurtaleifar og undir þeim kornótt lag og svo móbrún mold. Ljósá lagið er líparívíkur úr Óskjugosinu 1875. Undir því er móbrún mold. Allar gras- og jurtarætur eru ofan öskulagsins, en neðan þess eru bæði birkirætur og elftingakólfar.*

þar og hér. Þar eru sumur stutt og ekki hlý, plöntutegundirnar margar hinar sömu og hér þótt fjöldi tegunda sé meiri þar syðra. Aðalmunurinn er sá, að þar er engin vetrararbeit og ekki rekið á fjall fyrir en gróður er kominn á legg. Auk þess er fjárisn gætt allan tímann á af-réttunum.

Samkvæmt þýskum beitarrannsóknnum má aldrei nýta meir en tvo fimmtu hluta eða 40% af blaðfleti gróðursins ár hvert. Meiri nýting leiðir af sér skemmdir á beitaplöntunum, og þá ganga löndin úr sér. Þá er mjög varað við því að setja of þétt í haga sakir traðks. Þar er sýnt, að kindaklaufir eru plöntunum hættulegri en hófar hesta og klaufir nautpenings. Ennfremur veldur traðk meiri skaða á rötum blómplantna en grasa, en blómplönturnar auka frjósemi jarðvegsins umfram aðrar.

Auðskilið er, að því ófrjórru sem jarðvegur er orðinn eftir langa notkun, því minni verður árlegur vöxtur gróðursins, sem í honum vex. Nytjar lands minnka þá að sama skapi. Ennfremur er slíkur jarðvegur lengur að endur-

heimta frjósemi sína en sá, sem ekki hefur verið ofgert með beit. Auk þess fer það eftir ýmsu, hve lönd eru fljót að ná sér með friðun eða takmarkaðri notkun. Snjóleysi á vetrum, umhleyplingar á vorin og vorþurrkar seinka öllum gróðurfarsbreytingum. Flatlendi eru oft seinni að taka bótum en hallendi, og lega lands við áttum hefur mikið að segja. Afar víða fara landbætur hægar en ella sakir þess, að mörgum plöntutegundum, sem drýgstar eru til landbóta, hefur verið útrýmt með beit, svo sem ýmsum blómjurtum, runnum og birki.

Af öllum innlendum gróðri er birkið besta landbótarplantan, ekki einvörðungu sakir þess skjóls, sem það veitir öðrum gróðri og jarðvegi, heldur og fyrir það, hve það eykur frjósemi jarðvegsins. Hver sem vill getur gengið úr skugga um þetta á einfaldan hátt. Þarf ekki annað en að skoða jarðveginn í hvaða skóglendi sem er og bera hann saman við jarðveg á skóglausu svæði. Hvarvetna sem birki vex er efsta lag jarðvegsins með sérstökum hætti. Það er laust í sér eins og svampur, nokkuð dökkt á lit og samanstandur af gljúpum og meirum kornum, sem á stundum eru á stærð við lítil hrísgrjón. Þetta kornalag er misjafnlega þykkt og því þykkara sem það er því frjórru er moldin. Þegar jörð er rök ber meira á því en í þurrki, því kornin stækka við vætuna. (14) Slíkur kornajarðvegur er mjög sjaldséður utan skóglenda og finnst hvergi þar sem nokkurt traðk er. Áður fyrir hef ég oft séð kornajarðveg í góðum tünnum, en mér er til efs að þessi jarðvegsgerð þoli akstur þungra véla og traðk beitarfjár vor og haust.

Menn hafa fyrir löngu fundið að skógarjörð er frjórru en annað land. Reynslan hefur sýnt, að þar sem skógur var ruddur og tún ræktuð, óx gras betur en annarsstaðar um mörg ár að sögn gamalla og greindra manna.

#### **NIDURLAG**

Á Íslandi hafa menn stundað rányrkju allt frá upphafi byggðar landsins. Hverskonar rányrkja grípur inn í hið sívirka starf náttúrunnar og verkar sem eyðandi afl. Með því að Ísland liggur á veðramótum nyrst í Atlantshafi og er fátækt að plöntutegundum jafnframt því að jarðvegur þess er viðkvæmur er síst að furða

þótt búseta manna yrði örlagarík fyrir náttúrugæði landsins.

Búsetan hefur rofið „jafnvægið“ í náttúrunni með þeim afleiðingum, að önnur og sterkari eyðingaöfl, vindur og vatn, hafa lagst á sömu sveif og rányrkjan, og er hún því hin upphaflega orsök land- og gróðurskemmda. Eyðing gróðurs og jarðvegs miðaði hægt á fyrstu öldum byggðarinnar, en jókst svo með vaxandi hraða fram á þessa stund, og nú er eyðingin vissulega meiri en nokkru sinni fyrr. Eyðing landsins hefur farið eftir sama lögmáli og snjóbolti, sem veltur niður brekku í bleytusjó.

Í grein þessari hefur verið gerður samanburður á óvörðum beitolöndum og fáeinum svæðum, sem notið hafa friðunar um nokkurra áratuga skeið. Þessu er lýst með áþreifanlegum dæmum, og getur hver sem vill gengið um þessi lönd til að sjá með eigin augum hversu málum er háttað. Munurinn á friðuðum og ófriðuðum löndum er víðast hvar miklu stórkostlegri en nokkurn gat rennt grun í.

Áður en skilist er við þetta mál að sinni þykir mér hlýða að benda enn á þann gífurlega mun, sem er á gróðri utan og innan skógargirðingarinnar á Hallormsstað. Utan girðingar er landið orðið svo magurt og gróður svo rýr, að nytjar landsins eru einskis virði þótt land sé enn óblásið. Innan hennar hefur land og gróður tekið miklum bata eftir langa friðun, og þar mætti

hafa allmargt sauðfé eða annan búsmala á beit í góðu haglendi. Með því að haga beitinni í samræmi við þol gróðurs væri um árvissar tekjur að ræða. Hinsvegar er ljóst, að skógrækt gefur meiri arð á þessu landi en útbeit, en það er önnur saga.

Víst er, að landið norðan girðingarinnar um Hallormsstaðaskóg er ekki unnt að bæta nema með langri hvíld. Svo mjög hefur frjósemi jarðvegs gengið til þurrðar á þessum stað. En því er miður, að sama máli gildir um ótal önnur lönd hvarvetna á byggðu bóli. Ýmsir benda á, að bæta megi jarðveg og auka gróður með tilbúnum áburði. Slíkt er hárrétt, en áhrif áburðarins eru mjög skammæ. Því þarf að marg endurtaka áburðargjafirnar, ef þær eiga að verða til varanlegra landbóta. Verður það þá matsatriði, hvort notkun hans svari kostnaði. Hinsvegar er landhvíldin örugg aðferð og að jafnaði ódýr, en hún kann að reynast all seinvirk á stundum.

Af reynslu þeirri, sem fengist hefur af friðun landa, er það svo ljóst sem verða má, að frjósemi jarðvegs á Íslandi er nú mörgum sinnum minni en hún var þegar land var numið. Hún er einnig margfalt minni en hún hefði verið með hóflegri nýtingu lands.

Hér er mjög alvarlegt mál á ferðum, sem hyggja þarf að hið bráðasta, ekki síst fyrir þá sök, að enn siglum við hraðbyri í áttina til

*Þess er varla að vænta að jarðvegur túna geti haldið frjósemi sinni með mikilli beit og traðki.*

*24. maí. 1971. H. B.*



ógæfunnar. Hér stoðar ekki lengur að treysta slagorðum, sem byggjast á brjóstviti og barnslegri trú á landgæðin. Landið verður að byggja af reynslu og rannsóknum á náttúru þess.

Í greininni Ábúð og örtröð var sýnt fram á, að hið gróðurberandi land hefði minnkað um meir en helming að flatarmáli frá upphafi byggðar og fram á þennan dag. Hér hafa verið færð rök fyrir því, að frjósemi jarðvegs er yfirleitt orðin margfalt minni en hún var í árdaga. Sé gert ráð fyrir því, að helmingur af frjósemi jarðvegs á Íslandi sé eyddur, og er það varleg áætlun, og ennfremur að hið gróðurberandi land sé helmingur þess er var, þá búa Íslendingar nú í landi, sem hefur aðeins fjórðung hinna upphaflegu jarðgæða. Þrír fjórðu hlutar landgæðanna eru farnir veg allrar veraldar. Þetta mætti verða öllum nokkuð umhugsunarefni.

#### HEIMILDARRIT OG TILVITNANIR

1. Hákon Bjarnason: Ábúð og örtröð. Ársrit Skógr.fél. Íslands, Rvk. 1942.
2. H. H. Bennett: Soil Conservation, New York 1939.
3. Steindór Steindórsson: Gróðurrannsóknir í Þjórsárdal, Ársrit Skógr.fél. Íslands, Rvk 1941 og 1943.
4. Eyþór Einarsson: Gróðurathuganir í Hallormsstaðaskógi, Vaglaskógi og Haukadál. Ársrit Skógr.fél. Íslands, Rvk. 1959.
5. Hákur Ragnarsson og Steindór Steindórsson: Gróðurrannsóknir í Hallormsstaðaskógi, Ársrit Skógr.fél. Íslands, Rvk. 1963.
6. Hákon Bjarnason: Eyðing skóga í Fnjóskadal, Ársrit Skógr.fél. Íslands, Rvk. 1947.
7. Þórarinn Þórarinsson: Viðaröxi og sauðartönn, Ársrit Skógr.fél. Íslands, Rvk. 1942.
8. Hákon Bjarnason: Höfuðbólíð Haukadalur í Biskupstungum, Ársrit Skógr.fél. Íslands, Rvk. 1940.
9. Hákon Bjarnason: Uppblástur í Landsveit, Ársrit Skógr.fél. Íslands, Rvk. 1941.
10. Steindór Steindórsson : Gróður á Íslandi, Rvk. 1964.
11. Pálmi Hannesson: Á Brúaröræfum, Hrakningar og heiðavegir. Akureyri 1950.
12. Ingvi Þorsteinsson: Beitarrannsóknir á Landmannaafrétti, Náttúrufræðingurinn, Rvk. 1963.
13. E. Klapp: Wiesen und Weiden, Berlin 1956.
14. A. Stebutt: Lehrbuch der allgemeinen Bodenkunde, Berlin 1930.

#### SUMMARY

In 1942 the author tried to estimate how much of the original soil cover of Iceland had eroded since the time of the settlement in 874 A. D. Furthermore the causes of this awful devastation were sought. The conclusions were that less than half of the original soil cover remained. There were three main reasons for the erosion; husbandry, wind and water activity. The basic cause was husbandry which started the erosion and opened the gates for more powerful agents.

It was also mentioned in the article, that the fertility of the remaining soil has deteriorated with the continuous exploitation, by clearing woodlands and grazing. However, the causes were not obvious at that time.

This article is written to prove, by examples, that all over the country the soil fertility has greatly deteriorated, due to the continual and uncontrolled grazing which followed the clearing of the original woodlands.

Comparisons are made between the vegetation types occurring on land which has been enclosed for varying periods of time and the adjacent, unprotected rangeland. The first example is taken from East Iceland where sparsely wooded rangeland, surrounding Hallormsstaður, was enclosed in 1905. There was limited grazing inside the fence until 1940. Since then it has been completely excluded. On the other hand the land to the north of the enclosure has been continually grazed, as Hallormsstaður had been prior to enclosure. When the fence was erected, 66 years ago, the vegetation on both sides was similar except for scattered birch inside the fence.

Outside the enclosure the present vegetation consists of dry, grazzy meadows and slopes with scattered, small patches of marshland. Birch shrubs are only found in places inaccessible to sheep. The vegetation is stunted and the dominating species are *Nardus stricta*, *Empetrum nigrum*, *Luzula multiflora*, *Dryas octopetala*, *Thalictrum alpinum*, *Silene acaulis*, *Tofieldia*

*pusilla* plus *Rhacomitrium* species. In the marsh patches stunted sedges dominate.

Inside the enclosure the birch has regenerated and forms closed woodlands except on rocky outcrops and marshes. The undergrowth is now very different from the vegetation outside the fence. Where the soil moisture is adequate the vegetation is characterized by species such as *Geranium silvaticum*, *Rubus saxatilis*, *Campanula rotundifolia*, *Ranunculus acer* and in recent years the site has been invaded by *Sorbus aucuparia*. On drier sites the vegetation is dominated by grasses, whilst *Vaccinium uliginosum* is the dominant species on the driest areas. *Equisetum pratense* occurs widely, especially in the grassland. None of these species occur in any significant numbers outside the enclosure.

The vegetation outside the enclosure is so stunted and meagre that it is all but useless as range. On the other hand the land inside could be valuable if used to that purpose. However, it is more economical to plant forest.

Six years ago a strip of land outside the fence was enclosed. As yet there has been little, observable change in the vegetation, although a few herbs, not commonly found on grazed land, have begun to appear and it is noticeable that the vigour of the vegetation has increased since enclosure. This shows distinctly that changes in vegetation proceed very slowly.

In North-Iceland at Vaglir in Fnjóskadalur an area was enclosed in 1909. There the birch regenerated freely within the enclosure as in Hallormsstaður. The land outside the enclosure here differed in that it was a badly eroded moraine with scattered patches of the original soil, which supported a heath vegetation. The area is arid with low precipitation and a marked dry period during the spring. That area was enclosed 25 years ago. On the moraines there has been no apparent change or improvement in the vegetation since enclosure. Small trials were made where fertiliser was spread over small areas, sometimes with grass seed. Birch seed was sown at one site and *Lupinus nootkatensis*, was sown and planted at several places.

The grass-sown areas grew well as long as they were fertilized. When fertilizing was stopped the exotic grass species were more or less replaced by native species, especially *Festuca rubra*. These have formed an almost complete

vegetation cover, but the plants are stunted due to poor soil. A similar vegetation, dominated by *F. rubra*, is obtained after a few years where the moraine is fertilized without sowing grass seed. Where the birch seed was sown 24 years ago low brushwood has grown. This indicates that birch and *F. rubra* are the most suitable native species for reclaiming that type of eroded land.

The lupine was first sown 15 years ago and not in significant quantities until 6 years ago. However, it is evident that it is the most successful species on this land type and for soil improvement.

It is described next how the birch is able to grow from old roots and form woodland on areas where uninterrupted grazing has apparently eradicated it. Apart from the Vaglir area four others are described where the vegetation changes have followed different paths depending on the succession of the various species. Succession depends on the available species and also the moisture regime of the soil.

The conclusions are: that the fertility of the Icelandic rangelands has become critically low, grazing is so heavy that the plants do not attain proper development and in many areas the vegetation cover is being destroyed. Moreover it takes several decades for the soil to regenerate, and although land has been enclosed for more than 60 years at some places it is not certain whether the climax vegetation has been attained. It is also pointed out that there has been too little research into this field and little is known about the part played by individual species in recolonising eroded or exhausted land. For instance it seems that *Equisetum pratense* plays a more important role in increasing soil fertility than previously supposed. On the other hand it is evident that most herbs are of importance in this matter.

Finally it is argued that birch woodland and thickets have covered about 40% of Iceland when it was settled. The clearing of these areas initiated excessive erosion and soil deterioration to such an extent that the soil fertility is more or less used up.

The only feasible remedies for the present conditions are to limit grazing or rather to exclude it completely for a sufficient length of time.

# Skógræktarfélag Reykjavíkur 25 ára

## FORMÁLI

Þegar Skógræktarfélag Reykjavíkur varð 10 ára gamalt árið 1956, var í afmælisriti, sem þá var gefið út, skýrt frá stofnun félagsins og störfum þess fyrstu 10 árin.

Í grein þeirri, sem hér birtist verður leitast við að skýra frá því, sem gerst hefur á starfsvettvangi félagsins á þeim 15 árum sem liðin eru síðan.

Í 10 ára afmælisritinu er skýrt frá hinum ýmsu þáttum félagsstarfsins, en þeir eru þessir:

Starfsemin í Fossvogsstöðinni (plöntuuppeldi og skyld störf), skógrækt og landgræðsla á Heiðmörk, trjárækt, hirðing og lagfæringar í Rauðavatnsstöð, leiðbeininga- og útbreiðslustarfsemi, svo og fundahöld um starfsemina í heild og þátttaka í aðalfundum Skógræktarfélags Íslands.

Auk þessara upphaflegu aðalviðfangsefna félagsins hafa síðar bætst við: Trjárækt í Öskjuhlíð, og nú á síðustu árum einnig trjárækt í út jöðrum Árbæjar- og Breiðholtshverfa.

Á 25 ára starfsferli Skógræktarfélags Reykjavíkur hefur unnist mikilvæg reynsla, bæði í uppeldi trjáplantna í græðireitum og gróðurhúsum og í skógrækt í hverflyndri veðráttu Suðvesturlands.

Miklu meira er nú vitað en fyrir 25 árum um það, hvaða trjátegundir henta best á þessum slóðum, en gróðursetningaraðferðir eru enn á tilraunastigi.

Nú tala og skrifa veðurfræðingar og aðrir um hlýviðrisskeið á árunum 1930-1960 og kólnandi veðurfar síðan, ekki síst tvö undanfarin ár.

Skógræktarmönnum munu lengi verða minnisstæð ofsaleg veðrabrigði vorið 1963, sem urðu upprennandi trjágróðri að grandí á víðáttumiklum svæðum sunnanlands og suðvestanlands. Beið þá í brjóstum margra trúin á íslenska skógrækt alvarlegan hnekki, og fór Skógræktarfélag Reykjavíkur ekki varhluta af því. En þrátt fyrir mikið afhroð var engan veginn um gereyðingu að ræða. Fjöldi trjáa, einnig af erlend-

um uppruna, stóð af sér aftakaveðrið og fremur óhagstæðu veðráttu það, sem eftir var áratugarins.

Tæpum 6 árum eftir „9. apríl-veðrið“ varð Skógræktarfélagið fyrir alvarlegu áfalli, er framkvæmdastjóri félagsins, Einar G. E. Sæmundsen, fórst í bílslysi 15. febrúar 1969. Hann hafði stjórnað framkvæmdum félagsins næstum því frá byrjun af miklum dugnaði og stakri árvekni. Það var gæfa félagsins við þá þungu raun, að aðrir starfsmenn, sem með honum höfðu starfað um árabíl, voru samhentir og áhugasamir um hag félagsins. Það þurfti því ekki að verða nein gerbreyting á rekstri félagsins við fráfall hans. Haldið hefur verið í horfinu og störfum hagam svipað og áður.

Nýliðið sumar, afmælisárið, hefur verið með eindæmum hagstætt, sólríkt og góðviðrasamt, og óvenjuleg gróska í öllum trjágróðri, líklega um allt land. Fer naumast hjá því, að slíkt góðæri eftir fremur óhagstætt tíðarfar undanfarin ár vekir á ný aukna bjartsyni og ræktunaráhuga almennings.

Við samningu greinar þeirrar, sem hér birtist í tilefni af 25 ára afmæli Skógræktarfélags Reykjavíkur, er stuðst við fundargerðabækur félagsins og ýmis önnur gögn, og hefur framkvæmdastjóri félagsins, Vilhjálmur Sigtryggsson, verið undirrituðum til aðstoðar við samningu ýmissa kafla, einkum þó við samningu kaflanna um verkefni og starfshætti í skógræktarstöðinni í Fossvogi og framkvæmdir á Heiðmörk.

Aðrir samstarfsmenn undirritaðs hafa einnig látið í té ýmsar upplýsingar og góðar ábendingar.

Í október 1971.

Guðmundur Marteinsson.

## 1. SKÓGRÆKTARSTÖÐIN Í FOSSVOGI.

Í skógræktarstöðinni í Fossvogi er aðalaðsetur Skógræktarfélags Reykjavíkur. Þar hefur framkvæmdastjórin skrifstofu, þar fer fram afgreiðsla á plöntum úr stöðinni og hvers konar viðskipti og nauðsynleg skrifstofustörf, og þar eru haldnir stjórnarfundir.

### HÚSAKOSTUR

Eins og skýrt er frá í 10 ára afmælisriti Skógræktarfélagsins var vinnuskálinn, sem reistur var í skógræktarstöðinni 1949 orðinn allt of lítill fyrir starfseminna á 10 ára afmælinu, og var því ráðist í það árið 1959 að stækka hann um meira en helming. Skálinn er tvær hæðir og ris. Hæðirnar tvær voru stækkaðar úr 65 fermetrum í 130 fermetra, en rishæðin er 92 fermetrar. Viðbótin var 531 rúmmetri, en gamla húsið var um 320 rúmmetrar. Á efri jarðhæð skálans er matstofa, lítið eldhús, salerni, afgreiðslustofa, skrifstofa framkvæmdastjóra og skjalageymsla. Úr stóru anddyri er stigi upp á loft og annar niður á neðri jarðhæð. Uppi á lofti er fundarstofa, sem jafnframt er notuð, sem skrifstofa fyrir bókhald, auk þess töluvert geymslurými, en neðri jarðhæð er skipt í tvennt, og er annars vegar verkstæði og hins vegar húsrými fyrir ýmsa vinnu, svo og verkfærageymsla og miðstöðvarklefi.

Vorið 1967 var reist gróðurhús úr plasti, 230

fermetrar að stærð, og var sáð í það trjáfræi sama vor í fyrsta sinn. Síðari hluta sumars árið 1968 festi félagið kaup á öðru plasthúsi, mjög vönduðu, 200 fermetra að stærð, sem staðið hafði á landbúnaðarsýningunni, sem þá var haldin í Laugardalnum í Reykjavík. Vorið eftir (1969) voru settir í þetta hús fjórir reitir, 150 cm breiðir, eftir endilöngu húsinu og sáð í þá trjáfræi af ýmsum tegundum. Hús þetta kom þó ekki að fullum notum við plöntuuppeldi meðan ekki voru tók á að ylja það upp, því að vorfrost gátu grandað nýspíruðu fræinu.

Síðari hluta vetrar 1971 var ráðist í að panta rafmagnshitastrengi, sem lagðir voru í gólf hússins undir hverjum hinna fjögurra reita, með stjórnstöflu í öðrum enda hússins (öðrum megin við innganginn í húsið). Reynslan af þessu fyrsta árið hefur orðið mjög góð. .

Síðast á árinu 1967 var reistur geymsluskáli norðan við hlaðið, 178,7 fermetrar að stærð. Er þar geymslurými fyrir vélar og fleira og kæligeymsla fyrir plöntur, um 50 rúmmetrar að stærð. Einnig er þar rými fyrir þökkun á plöntum og öðru efni, sem senda þarf úr stöðinni.

### SÁNING TRJÁFRÆS, MEÐFERÐ OG AFHENDING PLANTNA

Yfir öllum sáðreitum í Fossvogsstöðinni eru hafðir gluggar fyrsta sumarið og hefur svo verið frá því fyrsta. Flatarmál allra sáðreita í stöðinni er nú um 1000 fermetrar.

*Aðsetur Skógræktarfélags  
Reykjavíkur, stöðvarhúsið í  
Fossvogi.*

*Ljósm.:  
Stefán Nikulásson.  
Okt. 1971.*





Björn Vilhjálmsson í gróðurhúsinu frá 1967. Í reitunum eru birkiplöntur á 1. ári.

Ljós.:  
Stefán Nikulásson.  
Okt. 1971.

*Yfirlit yfir sáningu, dreifsetningu og afhendingu plantna á tímabilinu 1947-1970*

Ár	sáð í ferm	tala dreifsettra plantna	plöntur afhentar úr stöðinni
1947	55		
1948	230	25,000	
1949	201	70,000	
1950	332	228,000	67,728
1951	465	220,000	67,800
1952	1,300	230,000	157,710
1953	954	221,000	102,123
1954	1,108	400,000	157,710
1955	995	487,000	129,827
1956	1,010	341,640	147,283
1957	1,134	567,089	164,065
1958	832	584,895	239,824
1959	1,000	553,156	258,565
1960	1,400	589,039	303,730
1961	1,059	667,961	374,187
1962	1,029	738,900	341,634
1963	1,010	626,850	260,661
1964	1,325	698,353	281,700
1965	1,333	484,712	304,055
1966	1,154	482,400	284,956
1967	1,217	589,740	345,079
1968	1,003	572,365	347,000
1969	730	379,910	304,748
1970	940	441,000	272,480

Á síðastliðnu vori var sáð í 950 fermetra alls, tala dreifsettra plantna var um 600 þúsund og úr skógræktarstöðinni voru afhentar alls um 300 þúsund plöntur.

Plöntur sem ætlaðar eru til gróðursetningar í Heiðmörk og önnur skógræktarsvæði eru yfirleitt þriggja til fjögurra ára gamlar, en plöntur sem ætlaðar eru til gróðursetningar í görðum við hús (garðplöntur) eru láttnar standa nokkur ár í viðbót. Hefur eftirspurn eftir garðplöntum aukist verulega hin síðari ár, og því lögð aukin áhersla á uppeldi þeirra í Fossvogsstöðinni.

**STÆRÐ SKÓGRÆKTARSTÖÐVAR**

Stærð skógræktarstöðvarinnar í Fossvogi var upphaflega um 9 ha en árið 1955 bættist við stöðina 3 ha lands, sem lá að skógræktarstöðinni að suðaustari og var keypt af Hermann Jónassyni, forsætisráðherra. En á þessu ári (1971) var skógræktarstöðin skert um 1.4 ha við lagningu Kringlumýrabrautarinnar. Þessi skerðing á stöðinni verður bætt með því að lagt verður undir hana álíka stórt land í suðausturátt. Þá er einnig í ráði að bæta við stöðina landi fyrir norðan Fossvogsveg, en þó ekki um ótakmarkaðan tíma. Nú er svo komið, að sáðreitir og dreifsetningarreitir fylla mestalla skógræktarstöðina. Landþrengsli eru orðin til boga, og verður hið fyrirhugaða land því kærkomin viðbót.





Sáðreitir. Fossvogur í baksýn. Ljós.: Gunnar Rúnar Ólafsson 1957.

#### VERKEFNI OG STARFSHÆTTIR

Fyrstu *vorstörfin* í Fossvogsstöðinni er sáning trjáfræs í plasthúsinu, þar sem moldin í sáðbeðunum er nú yljúð upp með rafmagni. Þessi sáning fer fram í aprílmánuði. Að öðru leyti hefjast *vorstörfin* um leið og klaka fer að leysa úr jörð eða fyrst í maí með upptöku plantna, fjarlægingu vetrarumbúnaðar í dreifsetningarbeðum og sáðbeðum, vökvun, áburðargjöf og dreifsetningu plantna. Plöntusala hefst venjulega kringum miðjan maí. *Sumarstörf*: Illgresiseyðing, vökvun, upptaka pottaplantna og flutningur þeirra upp í Heiðmörk. *Hauststörf*: Fræsöfnun, haustsáning (reynir, hlynur), vetrarumbúnaður dreifsetningarbeða og sáningarbeða og upptaka plantna til geymslu í kæliklefa. *Vetrarstörf*: Frá nóvember til ársloka jólatrésmóttaka, -geymsla, -afgreiðsla, á vegum Landgræðslusjóðs. Eftir nýár viðgerð og viðhald á áhöldum, gluggum o.fl., smíði á plöntu-

kössum o.fl., viðgerðir og viðhald á vélum og flutningatækjum, pottun plantna, svo sem birkis og fleiri tegunda. Á útmánuðum: Undirbúningur jarðvegs í gróðurhúsi, og fræsáning.

#### STARFSFÓLK

Yfirumsjón með öllum störfum í Fossvogsstöðinni svo sem annars staðar hefur framkvæmdastjóri félagsins, *Vilhjálmur Sigtryggsson*. *Kristinn Skæringsson* hefur með höndum bókhalds- og gjaldkerastörf og sér um skrifstofuhald félagsins yfirleitt. Jafnframt því, sem hann er starfsmaður Skógræktarfélags Reykjavíkur gegnir hann störfum skógarvarðar á Suðvesturlandi eftir fráfall Einars G. E. Sæmundsen. Verkstjórn í gróðurhúsum og græðireitum (sáðreitum og plöntureitum) hefur á hendi *Björn Vilhjálmsson*.

Við ýmiss konar smíðar, viðgerðir og viðhald



Úr skrifstofu framkvæmdastjóra, Vilhjálmur Sigtryggsson við skrifborð sitt.

Ljós.:  
Stefán Nikulásson.  
Okt. 1971.

áhalda og húsa hafa starfað í mörg ár *Nikulás Einarsson* og *Sigtryggur Eiríksson*. *Reynir Sveinsson* og *Magnús Magnússon* hafa í mörg ár starfað í Fossvogsstöðinni um mesta annatímamann á vorin og við jólatréssölu í nóvemberdesember. *Ólafur Sæmundsen* hefur undanfarin ár, einkum að vetrinum, gegnt afgreiðslustörfum og ýmsum öðrum störfum í Fossvogsstöðinni, auk þess að undirbúa sumarstörfin í

Heiðmörk. *Ólafur Sigurjónsson* hefur í fjölda ára annast allan akstur bæði fyrir Fossvogsstöðina og Heiðmörk (akstur á áburði, ofanburði og ýmsu efni). Þá hefur hann unnið að ýmiss konar viðgerðum á áhöldum og tækjum í verkstæði stöðvarinnar. *Sigurður Skúlason* vinnur ýmis störf, sem til falla í Fossvogsstöðinni, bæði vetur og sumar, við jarðvinnslu og ræktun, plöntuafgreiðslu, flutninga o. fl. Ein

Úr afgreiðslu- og skrifstofu í Fossvogsstöð, *Kristinn Skæringsson* við skrifborð sitt.

Ljós.:  
Stefán Nikulásson.  
Okt. 1971.





*Kaffítími í Fossvogsstöð. Frá vinstri: Matthildur Ólafsdóttir, Sigtryggur Eiríksson, Björn Vilhjálmsson, Einar Loftsson, Sigurður Skúlason.*

*Ljós.: Stefán Nikulásson. Okt. 1971.*

skrifstofustúlka hefur undanfarin ár unnið hjá Skógræktarfélaginu hluta úr árinu. Um nokkurt árabíl var það *Guðrún Einarsdóttir Sæmundsen*, seinna um nokkurt skeið *Jónína Einarsdóttir* og nú síðast *Aðalheiður Ragnarsdóttir*. Í eldhúsinu og við framreiðslu í matstofunni hefur starfað undanfarin ár *Matthildur Ólafsdóttir*.

Auk þeirra, sem hér hafa verið talin upp, hafa

nokkrir, bæði konur og karlar, starfað ár eftir ár vorlangt og jafnvel sumarlangt við ræktunarstörf, eftir því sem þörf hefur krafist, og þá jafnframt verið til leiðbeiningar þeim fjölda unglunga, sem ráðnir hafa verið til starfa stuttan tíma á vorin (í maí-júní), en þann tíma hafa undanfarin ár starfað í skógræktarstöð félagsins um 50 manns.



*Sigurður Skúlason á gamla traktornum á hlaðinu í Fossvogsstöðinni.*

*Ljós.: Stefán Nikulásson. Okt. 1971.*

## LEIÐBEININGASTARFSEMI

Ávallt er nokkuð um það, að fólk leiti til Skógræktarfélagssins um ýmiss konar fróðleik og leiðbeiningar í sambandi við trjárækt. Kemur það mest í hlut framkvæmdastjórans að veita slíkar upplýsingar, en einnig verða oft fyrir svörum þeir Kristinn Skæringsson, Ólafur Sæmundsen og Björn Vilhjálmsson. Þá hefur skógræktarstöðin gjarna einu sinni á sumri verið auglýst opin almenningi um helgar (seinni hluta laugardags og sunnudags) og fólk þá komið og gengið um stöðina og skoðað hana undir leiðsögn starfsmanna stöðvarinnar. Og síðastliðin tvö sumur hefur hópur meðlima Garðyrkjufélags Íslands komið í heimsókn og skoðað stöðina í fylgd framkvæmdastjóra. Einnig hafa nemendur Kennaraskóla Íslands nokkrum sinnum komið í skógræktarstöðina og síðan verið farið með þeim upp í Heiðmörk og þar leiðbeint um gróðursetningu trjáplanta. Loks má geta þess, að á vegum Æskulýðsráðs hefur nokkur undanfarin sumur komið í skógræktarstöðina hópur barna innan við fermingu og fengið að kynna lítillega ræktunarstórfunum í stöðinni áður en þau færu til sumardvalar í sveit.

## II. HEIÐMÖRK

Eins og skýrt er frá í 10 ára afmælisriti Skógræktarfélagss Reykjavíkur, var stærð Heiðmerkur upphaflega 1350 ha og hélst hún óbreytt fram yfir 1956. Voru suðvesturmörk hins afgirta svæðis landamerkin milli Vatnsdalands annars vegar og hins vegar Vífilstaðalands og Garðakirkjulands.

### STÆKKUN HEIÐMERKUR 1957-'58

Stjórn Skógræktarfélagss Reykjavíkur lék hugur á að fá einnig friðaðan verulegan hluta Vífilstaðalands og fá það landsvæði sem viðbót við Heiðmörk, ekki síst með tilliti til þess að fá Vífilstaðahlíðina fellda inn í Heiðmörk. Var þetta rætt við þáverandi yfirlækni á Vífilstöðum, Helga Ingvarsson, og tók hann hugmyndinni vel. Og í októbermánuði 1957 var gerður samningur milli stjórnarnefndar ríkisspítalanna vegna heilbrigðismálaráðuneytisins og stjórnar Skógræktarfélagss Reykjavíkur vegna Heiðmerkur um að tiltekinn hluti Vífilstaðalands skyldi afhentur Skógræktarfélaginu til

umráða í 99 ár til friðunar og skógræktar, og skyldi landið girt og sameinað Heiðmörk. Jafnframt var, með skírskotun til laga um skógrækt, tekið eignarnámi og lagt til Heiðmerkur 220 ha landsvæði úr Garðakirkjulandi, sem liggur að Vatnsdalandi og Vífilstaðalandi.

Þegar girða átti meðfram Vífilstaðahlíðinni (suðvestanvert við hana), reyndist ekki liggja ljóst fyrir hvar landamerkin milli Vífilstaðalands og Urriðakotslands voru. En í afsals- og veðmálabókum Gullbringu- og Kjósarsýslu fannst landamerkjaskrá fyrir Urriðakot, og eftir henni að dæma eru landamerkin að mestum hluta í verulegri fjarlægð frá hlíðinni, og var girðingarstæðið meðfram hlíðinni því valið nær henni en á landamerkjum.

Girðing um viðbótarlandið var sett upp haustið 1957 og vorið 1958, og annaðist Skógræktarfélag Reykjavíkur þá framkvæmd. Við stækkunina var Heiðmörk orðin um 2100 ha að víðáttu.

## VEGAGERÐ

Þegar að afloknum girðingarframkvæmdum var hafist handa um vegagerð, að undangenginni rækilegri athugun á vegarstæði.

Fram að árinu 1958 voru vegir í Heiðmörk um 7.5 km að lengd, þar á meðal vegur frá Elliðavatsheiðarveginum suður að Strípshrauni, um 700 m. Þessi vegur var nú framlengdur í suðvesturátt eftir endilangri Heiðmörkinni, yfir Vífilstaðahlíðaröxlina við suðurenda Hjallanna, og síðan vestur með Vífilstaðahlíð meðfram girðingunni, en við vesturhorn girðingarinnar, rétt hjá Maríuhellum og rétt við svokallaðan Flóttaveg var gert vandað hlið á girðinguna. Var vegakerfið um Heiðmörk nú orðið um 17 km að lengd, og hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur annast alla þá vegagerð svo og viðhald veganna, ofaniburð og lagfæringar.

Loks er þess að geta, að í síðastliðnum ágúst mánuði (1971) var hafist handa um lagningu nýs vegar, frá efri enda Elliðavatsheiðarveggar (Heiðarveggar) suðvestur með hraunbrúninni, yfir Strípshraun, og síðan til vesturs í átt að Hulduklettum, sem svo eru kallaðir, og þar fyrir vestan kemur vegurinn inn á Hjallabraut. Vegalengdin er um þrjár kílómetrar, og tveir kílómetrar hafa þegar verið lagðir.



*Stafafurulundur í Vífilsstaðahlíð. Ljósni.: Stefán Nikulásson. Okt. 1971.*

Þessi vegur er lagður að frumkvæði og undir forustu borgarverkfræðings, en með aðstoð starfsmanna Skógræktarfélag Reykjavíkur. Með tilkomu hans opnast nýr lítill heimur í suðausturhluta Heiðmerkur - aukið útivistarsvæði í Friðlandi Reykvíkinga.

#### *GJAFIR TIL SKÓGRÆKTAR, SKÓGRÆKT Í VÍFILSSTAÐAHLÍÐ*

Um það leyti sem Vífilsstaðahlíðin var friðuð, bárust frá nokkrum aðilum fjárhæðir, sem verja skyldi til skógræktar í hlíðinni og við rætur hennar. Reið þar á vaðið Magnús Kristjánsson, garðyrkjumaður í Reykjavík, en hann og kona hans, Sesselja Sveinsdóttir, gáfu 50 þúsund krónur í þessu skyni. Var mæld 5 ha spilda nokkurn veginn miðsvæðis í Vífilsstaðahlíð og gróðursetning hafin þar 1958. Aðrir aðilar, sem lögðu fram fé í þessu skyni voru: Útvegsbanki Íslands, Almennar tryggingar, dr. Helgi Tómasson og

Sveinn Sigurðsson. Auk þess hefur sjálft Skógræktarfélagið látið gróðursetja í Vífilsstaðahlíð verulegt magn af plöntum.

Öll gróðursetning í Vífilsstaðahlíð hefur verið framkvæmd af starfsmönnum Skógræktarfélag Reykjavíkur, og hefur trjágróður á þessu svæði yfirleitt dafnað mjög vel.

#### *LANDNÁM OG SKÓGRÆKT Á HEIÐMÖRK*

Í 10 ára afmælisritinu er skýrt frá tilhögun þeirri, sem kölluð hefur verið „landnám og skógrækt á Heiðmörk“, á þá leið, að spildum, flestum 5 ha að stærð, hefur verið úthlutað til félaga, stofnana, eða starfsmannahópa. Þá er þess getið, að vorið 1950 var úthlutað spildum til 29 félaga, en árið 1956 voru félögin orðin 47. Síðan hafa 5 félög bætst við.

Eru því nú skráðir 52 „landnemar á Heiðmörk“. En á umliðnum árum hafa sumir „land-

nemanna“ helst úr lestinni af ýmsum ástæðum. Í sumar landnemaspildurnar er mikið til fullplantað, en töluvert ber á því víða, að eyður séu í plöntusvæðunum, plöntur hafi dáðið eða af ýmsum ástæðum ekki náð að vaxa úr grasi. En inni á milli eru vöxtulegar plöntur og jafnvel tré. Það verður eitt af meiri háttar verkefnum Skógræktarfélagssins á Heiðmörk á komandi árum, vonandi með aðstoð landnemanna, a.m.k. sumra, að bæta úr þessu, fylla í eyðurnar, svo að samfelldur skógur myndist á þeim svæðum, þar sem stefnt er að því að rækta skóg.

*Yfirlit yfir gróðursetningu í Heiðmörk á tímabilinu  
1949-1970*

Ár	Fjöldi plantna
1949	9,000
1950	51,000
1951	87,800
1952	123,425
1953	108,525
1954	114,525
1955	101,800
1956	108,010
1957	166,555
1958	218,880
1959	197,475
1960	189,900
1961	204,860
1962	193,940
1963	102,900
1964	125,720
1965	137,920
1966	126,090
1967	155,760
1968	143,500
1969	126,530
1970	120,900

**ÞÁTTUR VINNUSKÓLANS**

Í 10 ára afmælisritinu er þess getið, að síðan 1952 hafi Vinnuskóli Reykjavíkur unnið að gróðursetningu á Heiðmörk og þess getið, að unglingar í Vinnuskólanum hafi, með góðri verkstjórn og leiðbeiningum, yfirleitt reynst liðtækir við skógræktarstörfin. Þáttur Vinnuskólans hefur stóráukist hin síðari ár. Starfa unglingarnir, mestmegnis stúlkur 14-15 ára, að plöntun og áburðargjöf. Á seinni árum hef-

ur stöðugt verið gert meira af því að setja plöntur úr sáðreitum í potta, og pottaplöntur má gróðursetja fram eftir öllu sumri.

**LANDGRÆÐSLA**

Undanfarin 4-5 ár hefur verið gert töluvert af því að gróðursetja í lítt gróna mela. Er þá gerð allrífleg hola fyrir hverja plöntu og notað mikið af húsdýraáburði (hesthúshaug). Plöntur, sem notaðar eru í þessi lönd eru nær eingöngu birki, bergfura og stafafura. Hvort af þessu myndast verulegur skógur verður tíminn að leiða í ljós, en landgræðsla er það alltént. Þá hefur í allmörg undanfarin ár verið sáð Alaskalúpínufraei í mela á ýmsum stöðum og gefur nú að líta snemma á hverju sumri bláar blómabreiður hér og þar um Mörkina. Lúpínublómin standa þó ekki lengi, en eftir standa allt sumarið hvanngrænar lúpínubreiðurnar, þar sem áður voru gráir melar. Þá hefur einnig verið gert nokkuð af því að sá tilbúnum áburði í því sem næst gróðursnauda mela, og undanfarin tvö ár hefur Landvernd látið Skógræktarfélaginu í té áburð í því skyni.

**ELLIÐAVATN SAMEINAD  
HEIÐMÖRK**

Á Elliðavatni var um nokkurt árabíl fávítahæli á vegum Reykjavíkurborgar, en skömmu eftir 1960 var ákveðið að leggja það niður. Þegar stjórn Skógræktarfélagss Reykjavíkur fékk fregnir af þeim áformum, skrifaði hún borgarstjórn Reykjavíkur bréf í september 1962, þar sem gerð var tillaga um að staðurinn Elliðavatn yrði sameinaður Heiðmörk. Var í því sambandi minnt á, að þegar stjórn Skógræktar félags Íslands árið 1938 sendi bæjarráði erindi sitt varðandi friðun þess svæðis, sem síðar hlaut nafnið Heiðmörk, var bærinn að Elliðavatni og jafnvel vatnið sjálft ekki óverulegur þáttur þeirrar hugmyndar, sem félagið bar fram. Jafnframt var á það bent, að það væri til mikils hagræðis fyrir starfsemina á Heiðmörk að fá bækistöð á Elliðavatni.

Nokkrir aðrir aðilar létu í ljósi áhuga á því að fá aðsetur á Elliðavatni, en með bréfi dagsettu í júní 1963 fól borgarstjórn Reykjavíkur Skógræktarfélagi Reykjavíkur varðveislunni höfuðbólsins Elliðavattis og friðun jarðarinnar. Tók



*Unglingar í Vinnuskóla Reykjavíkur að störfum við gróðursetningu í Heiðmörk.*

*Ljós.: Gunnar Rúnar Ólafsson 1957.*

félagið síðan við húsum þar síðla sumars og hóf lagfæringar og endurbætur á þeim. Var því allvel á veg komið við árslok, og í janúarmánuði 1964 settist þar að starfsmaður Skógræktarfélagsins. Ný girðing var girt um túnið og nýtt hlið sett upp og ýmsar lagfæringar gerðar á umhverfi staðarins. Þá var síðari hluta árs 1964 girt ný girðing norðan Rauðhóla frá Bugðu og suður í vatnsveitugirðinguna um Gvendarbrunna, og árið eftir (1965) var steipt vandað ristarhlið á hina nýju girðingu við Rauðhóla.

Flatarmál þess lands, sem við þessar aðgerðir bættist við Heiðmörk, er um 220 ha.

#### VEIÐIFÉLAG

Í aprílmánuði árið 1964 var stofnað Veiðifélag Elliðavatns. Að ósk borgarráðs var framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur fal-

ið að standa að stofnun þess ásamt skrifstofustjóra Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og fóru þeir með umboð jarðanna Elliðavatns og Hólms. Voru allir jarðeigendur á vatnasvæðinu þátttakendur í stofnun veiðifélagsins.

Þegar í maíbyrjun var komið á skipulagðri sölu veiðileyfa í Elliðavatni. Fór salan fram á Elliðavatni og Vatnsenda. Áður var hin mesta óreiða á þessum málum, enda netaveiðar stundaðar af kappi í vatninu og farið eftir fornum rétti, sem nú er fallinn úr gildi.

Eftirlit með veiðinni hefur hvílt á starfsmönnum Heiðmerkur að því er varðar Elliðavatn og andvirði seldra veiðileyfa rennur til Heiðmerkur að frádregnum hluta veiðifélagsins. Fiskirækt hófst í Elliðavatni haustið 1963. Sett hafa verið seiði í vatnið á hverju ári frá byrjun, aðallega bleikjuseiði, en einnig laxaseiði.



*Hvíldarstund í Heiðmörk. Frá vinstri: Einar G. E. Sæmundsen, Sigurjón Ólafsson, Villhjálmur Einarsson, Guðmundur Bjarnason (starfaði hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur um árabíl).*

*Ljósma.: Gunnar Rúnar Ólafsson. 1957.*

Framkvæmdastjóri Veiðifélags Elliðavatns var frá upphafi Einar G. E. Sæmundsen, og hafði hann einnig með höndum gjaldkerastörf fyrir félagið. En eftir fráfall hans tók Ólafur sonur hans við framkvæmdastjóra- og gjaldkerastörfum í Veiðifélaginu.

lægra en í Reykjavík, svo og meðal-lágmarkshitastigið. En meðal hámarkshitastigið hefur sum árin í júlímánuði verið heldur hærra en í Reykjavík, og einnig einstöku ár í júnímánuði. Úrkomun mánuðina maí-október hefur mælst að meðaltali 95% meiri en í Reykjavík.

#### VEÐURATHUGANIR

Þótt landsvæðið austan og sunnan Elliðavatns sé aðeins skammt frá Reykjavík, dylst engum, sem til þekkir, að ekki er nákvæmlega sama veðráttan á þessum tveim svæðum.

Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur og framkvæmdastjóra félagsins lék hugur á, eftir að skógrækt var hafin á Heiðmörk, að fá setta upp veðurathugunarstöð þar efra. Var þetta rætt við Veðurstofustjóra, sem tók málinu vel, og vorið 1917 var sett upp veðurathugunarstöð í Heiðmörk, úrkomumælir og hitamælir. Stendur hún skammt fyrir ofan Norðmannaskálann (Þorgeirsstaði) í 136 m hæð yfir sjávarmáli.

Umsjónarmaður Heiðmerkur les á mælana einu sinni á dag, kl. 9.00, alla daga frá maíbyrjun til októberloka, og skráir það á þar til gerð eyðublað frá Veðurstofu Íslands.

Niðurstöður mælinganna eru birtar í tímariti Veðurstofunnar, „Veðráttan“, ársyfirlitinu. Eins og vænta mátti, er meðalhitastigið kl. 9 nokkru

#### STARFSMENN

Í kaflanum um skógræktarstöðina í Fossvogi eru í rauninni taldir upp allir starfsmenn, sem að staðaldri starfa í þjónustu Skógræktarfélags Reykjavíkur. En starfsvettvangur sumra þeirra, sem þar eru taldir upp, er jafnframt og jafnvel enn fremur á Heiðmörk.

Eins og skýrt er frá í 10 ára afmælisriti Skógræktarfélagsins, hafði *Sigurjón Ólafsson* á hendi eftirlit með girðingunni um Heiðmörk frá byrjun. Hann hafði einnig með höndum önnur störf þar efra, svo sem vegaviðhald og verkstjórn við gróðursetningu svo og veðurathugun. Og þegar Skógræktarfélagið hafði tekið við Elliðavatni settist *Sigurjón* þar að ásamt fjölskyldu sinni (í ársbyrjun 1964, svo sem segir hér að framan) og tók þá jafnframt við umsjón húsanna á staðnum og lagfæringu á þeim, svo og umsjón með veiði í vatninu. *Sigurjón Ólafsson* féll frá í maímánuði 1964.

Reynir Sveinsson, sem starfað hafði hjá Skóg-





Reynir Sveinsson, Magnús Magnússon og Einar Ágústsson voru að vinna við grisjun í Heiðmörk, þegar Ólafur Sæmundsen og Guðmundur Marteinsson komu í heimsókn til þeirra og þessi mynd var tekin.

Ljósma.:  
Stefán Nikulásson.

Okt. 1971.

ræktarfélaginu síðan vorið 1948 settist að á Elliðavatni ásamt fjölskyldu sinni haustið 1964. Hann tók við störfum þeim, sem Sigurjón Ólafsson hafði haft með höndum, og hefur aðalstarfsvettvangur hans síðan verið á Heiðmörk. Honum til aðstoðar við ýmis störf hefur einkum verið Magnús Magnússon. Þá hefur Ólafur Sigurjónsson með sinn stóra vörubíl annast alla flutninga á áburði og plöntum, og auk þess ekið ofanburði í vegina um Heiðmörk.

Yfirverkstjórn við gróðursetningarstörf Vinnuskóla Reykjavíkur á Heiðmörk svo og við önnur störf þar efra hefur Ólafur Sæmundsen haft með höndum hin síðari ár. Hann var einnig fulltrúi félagsins gagnvart Landsvirkjun og verktökum þeim, sem tóku að sér lagningu háspennulínu þeirrar, sem lögð var um Heiðmörkina milli Gvendarbrunnna og Vífilsstaðahlíðar (Straumsvíkurlínu) á árunum 1969 og '70, en sú framkvæmd hafði í för með sér tölu-



Ólafur Sigurjónsson með vörubílinn sinn við nýju vegalagninguna 1971. Við hliðina á honum stendur Reynir Sveinsson.

Ljósma.:

Vilhj. Sigtryggsson.

Okt. 1971.



Ólafur Sæmundsen við hliðina á nokkrum vöxtulegum sitkagrenitrjám, 12 ára gömlum í einni „landnema“-spildunni (spildu Kennarafélags Austurbæjar).

Ljós.:  
Stefán Nikulásson.  
Okt. 1971.

vert jarðrask og nokkrar gróðurskemmdir á Heiðmerkursvæðinu. Þá er Ólafur einnig fulltrúi félagsins í stjórn Veiðifélags Elliðavatns.

Aðrir starfsmenn félagsins en þeir, sem hér hafa verið nefndir hafa gripið í störf á Heiðmörk og á Elliðavatni, þegar á hefur þurft að halda.

### III. RAUÐAVATNSSTÖÐIN

Í 10 ára afmælisriti Skógræktarfélags Reykjavíkur er skýrt frá því í grein um Rauðavatnsstöðina, að þegar félagið var stofnað árið 1946, tók það við Rauðavatnsstöðinni af Skógræktarfélagi Íslands. Í greininni er rakin saga skógræktarstöðvarinnar frá byrjun, og kemur þar m.a. fram, að síðan 1935 hefur flest árin verið gróðursett eitthvað af plöntum í Rauðavatns-

stöðinni af ýmsum mismunandi tegundum, og einnig er frá því skýrt, að ráðgert sé að gróðursetja ýmsar trjátegundir í stöðina, bæði í eyður og í skjóli við fjallafuruna sem þar er fyrir.

Enn sem komið er hefur þessu miðað hægt áfram. Að vísu hefur flest árin verið gróðursett eitthvað, en ekki svo mikið, að stöðin hafi breytt um svip svo að neinu nemi. En stjórn Skógræktarfélagsins er það eigi að síður áhugamál að koma upp vöxtulegri trjágróðri í Rauðavatnsstöðinni en þeim, sem fram að þessu hefur sett svip á hana.

Meðal annars með tilliti til þess, að borgin hefur á seinni árum teygt sig upp undir Rauðavatn, skrifaði stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur borgarstjórninni árið 1966 bréf, þar sem lagt er til að stefnt verði að því, að skógræktarstöðin við Rauðavatn verði gerð að skemmti-

garði fyrir Reykvíkinga, og um leið stækkuð þannig, að hún nái alveg niður að vatninu. Trjágróður setji meginsvip á garðinn, en inni á milli verði grasi grónar flatir og leikvellir. Bréfinu fylgdi uppdráttur af hinum fyrirhugaða skemmtigarði.

Tillaga Skógræktarfélagssins hlaut samþykki borgarstjórnar, en lítið hefur orðið úr framkvæmdum ennþá. Þó var lítillaga hafist handa sumarið 1970 með aðstoð unglunga úr Vinnuskóla Reykjavíkur, en á síðastliðnu sumri var mjög óhægt um vik við Rauðavatsstöðina sökum umfangsmikilla vegaf framkvæmda meðfram henni. En næsta sumar verður kominn þarna malbikaður vegur, og verður þá að öllu leyti hægara um vik, og auk þess mun stöðin losna við rykláguna frá veginum, sem hefur staðið gróðri næst veginum verulega fyrir þrífum, einkum hin síðari ár, með sívaxandi umferð um veginn.

#### IV. TRJÁRÆKT Í ÖSKJUHLÍÐ

Ef steinarnir í Öskjuhlíð, stórir og smáir, gætu talað og gætu munað allt, sem á daga þeirra hefur drifið, yrði það vissulega bæði löng og merkileg saga. Þeir gætu sjálfsgagt sagt frá því, er þeir voru í fjölda margar aldir kaffærðir undir jökli. Trúlega gætu þeir frætt okkur um það, að þeir hafi verið ýmist umvaðir eða huldri trúgróðri um það leyti, sem öndvegissúlur Ingólfs Arnarsonar rak á land í Reykjavík, og um það hvernig öxin og sauðartönnin smám saman eyddi trúgróðrinum, og hvernig vindur og vatn síðan eyddi grassverðinum uppi á hlíðarkollinum, og hvernig vindurinn hélt áfram að blása, þegar enginn gróður var orðinn eftir, svo að moldin fauk út í veður og vind, og að þegar hátíðahöld fóru fram á Öskjuhlíðinni fyrir tæpri öld, í tilefni af þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar, urðu hátíðargestir, þar á meðal erlendir tignargestir, að flýja undan moldrokinu. Um þetta síðasttalda eru skráðar heimildir.

Síðan hefur Öskjuhlíðin komið allmikið við sögu í rás viðburðanna á þessum slóðum.

Þegar Reykjavíkurhöfn var gerð á öðrum áratug þessarar aldar, var ógrynni af grjóti sprengt úr Öskjuhlíðinni og flutt á járnbrautarvögnum í hafnargarðana.

Þegar Bretar komu hingað á stríðsárunum á

öndverðum fimmta áratug aldarinnar, gerðu þeir byssuhreiður og önnur hernaðarmannvirki í Öskjuhlíðinni.

Þegar heitu vatni var veitt til Reykjavíkur frá borholum nálægt Reykjum í Mosfellssveit skómmu fyrir miðjan fimmta áratug aldarinnar, voru reistir vatnsgeymar uppi á Öskjuhlíð og dælustöð fyrir hitaveitukerfi borgarinnar norðvestan í hlíðinni.

Meðan öllu þessu fór fram, breytti Reykjavík smám saman um svip. Fallegir blóma- og trújárðar mynduðust við hús og torg, og jafnvel gamli kirkjugarðurinn breyttist úr dapurlegum dauðareit í fagran skógarlund.

Rann nú ýmsum góðum Reykvíkingum til rifja að horfa á tötralega og beinabera Öskjuhlíðina. Þeirra á meðal var Valtýr Stefánsson ritstjóri, sem eins og kunnugt er var mikill áhugamaður og áhrifamaður um skógrækt. Að frumkvæði hans var hafist handa um trújárækt í Öskjuhlíðinni fyrir tæpum aldarfjórðungi eða um það leyti, sem Einar G. E. Sæmundsen fluttist til Reykjavíkur frá Vöglum og gerðist framkvæmdastjóri Skógræktarfélagss Reykjavíkur og skógarvörður á Suðvesturlandi. Það féll í hans hlut að hefja þarna trújárækt, og hefur því verið haldið áfram síðan, nokkurn veginn viðstöðulaust, á vegum Skógræktarfélagss Reykjavíkur.

Undanfarin síðustu ár hefur af hálfu Hitaveitu Reykjavíkur verið lögð aukin alúð við að snyrta og græða umhverfis vatnsgeymana, og Hitaveitan hefur jafnframt lagt fram fé til trújáræktar og lagfæringa í Öskjuhlíðinni, en framkvæmdir hafa verið í umsjá Skógræktarfélagss Reykjavíkur.

#### V. HLUÐDEILD SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR Í RÆKTUN OG SNYRTINGU ÚTJAÐRA ÁRBÆJAR- OG BREIÐHOLTSHVERFA

Vorið 1970 tók Skógræktarfélag Reykjavíkur að sér, fyrir atbeina framkvæmdastjórans, að sjá um lagningu gangstíga og gróðursetningu trújáplanta í Breiðholts- og Árbæjarhverfum.

Lagður hefur verið 800 metra langur stígur frá stíflugarði í Elliðaánum (Árbæjarstíflu) að Arnarbakka í Breiðholtshverfi, og síðastliðið voru gróðursettar meðfram stígnum um 8,600 trújáplöntur, og einnig voru gróðursettar



Úr fundarherbergi í Fossvogsstöðinni, stjórnin á fundi. Frá vinstri: Jón Birgir Jónsson, Lárus Bl. Guðmundsson, Guðmundur Marteinsonn, Björn Ófeigsson, Sveinbjörn Jónsson. Á veggnum hangir mynd af Einari G. E. Sæmundsen  
Ljós.: Stefán Nikulásson. Okt. 1971.

meðfram Elliðaánum um 1200 víði- og birkiplöntur.

Piltar úr Vinnuskóla Reykjavíkur unnu að þessu, undir umsjón verkstjóra frá Skógræktarfélaginu.

Stefnt er að því, að auðu svæðin milli hinna nýju byggðahverfa, sem eru að mestu leyti gróðurlitlir melar, verði að verulegu leyti klæddir trjágróðri, svo að þarna myndist með tímanum hlýlegra útivistarsvæði en nú er, fyrir íbúa Árbæjar. og Breiðholtshverfa.

## VI. ALMENN FÉLAGSSTARFSEMI

Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur kemur saman til fundar venjulega 8-10 sinnum á ári. Á stjórnarfundum eru rædd verkefni, sem fyrir liggja hverju sinni, ákvarðanir teknar um meiri

háttar framkvæmdir og áætlanir lagðar um starfsemina til skemmri eða lengri tíma.

Í maímánuði ár hvert er haldinn aðalfundur félagsins. Auk annarra venjulegra aðalfundarstarfa eru þar kjörmir 10 fulltrúar til þess að sitja aðalfund Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn er seinna á árinu á mismunandi stöðum á landinu frá ári til árs.

Efnt hefur verið til skemmtifundar flest árin, fræðslufundir hafa verið haldnir nokkrum sinnum og stöku sinnum blaðamannafundir til kynningar á starfsemi félagsins. Þá hefur, eins og áður segir, skógræktarstöðin í Fossvogi verið sýnd almenningi oftast einu sinni á sumri, undir leiðsögn starfsmanns Skógræktarfélagsins.

Í skógræktarferðum til Noregs, sem Skógræktarfélag Íslands hefur gengist fyrir á þriggja ára fresti síðan 1949 hafa ávallt verið nokkrir þátt-

takendur frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur og einnig í þeim tveim skógræktarnámskeiðum, sem Skógræktarfélag Íslands hefur efnt til á Hallormsstað árin 1969 og 1971.

Á 10 ára afmæli Skógræktarfélags Reykjavíkur var stjórn félagsins óbreytt frá stofnun þess. Síðan hafa tveir þeirra, sem þá voru í stjórn, fallið frá, þeir dr. Helgi Tómasson og Jón Loftsson stórkaupmaður. Í þeirra stað komu í stjórnina þeir Jón Helgason kaupmaður (árið 1959) og Lárus Bl. Guðmundsson bóksali (árið 1960). Jón Helgason lét af stjórnarstörfum árið 1968 og í hans stað kom þá Björn Ófeigsson kaupmaður. Og árið 1967 kom Jón Birgir Jónsson í stjórnina í stað Ingólfs Davíðssonar. Félagatala í Skógræktarfélagi Reykjavíkur er nú um 1300.

Stjórnin er nú þannig skipuð:

Guðmundur Marteinsson verkfræðingur, formaður, Lárus Bl. Guðmundsson bóksali, varaformaður, Jón Birgir Jónsson verkfræðingur, ritari, Björn Ófeigsson kaupmaður, gjaldkeri, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, meðstjórnandi.

Varastjórn skipa þessir menn:

Dr. Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Gunnar Skaptason tannlæknir, Kjartan Sveinsson raffræðingur.

## VII. REKSTRARGRUNÐVÖLLUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR

Skógræktarfélag Reykjavíkur er félag áhugamanna um skógrækt og eitt af héraðsskógræktarfélögum, sem mynda féлагаheildina Skógræktarfélag Íslands.

En Skógræktarfélag Reykjavíkur er jafnframt fyrirtæki með töluvert umfangsmikinn rekstur, með framleiðslu, tekjur og útgjöld og rekstrarfjárför. Tekjustofnar félagsins eru auk árgjalda félagsmanna: Framlag úr ríkissjóði (skógræktarstyrkurinn), framlag Reykjavíkurborgar, framlag úr Landgræðslusjóði (styrkur til trjáplöntuuppeldis) og svo tekjur af plöntusölu. Stærsti

gjaldaliðurinn er að sjálfsögðu laun til starfsmanna, en auk þess þarf árlega að kaupa ýmislegt til rekstursins, til viðhalds húsa og vinnuvéla, áburð og sitt hvað fleira, svo og borga vexti og afborganir af lánum, sem stofnað hefur verið til vegna meiri háttar fjárfestinga.

Til Heiðmerkur ver borgarstjórn Reykjavíkur verulegri fjárhæð samkvæmt áætlun, er stjórn Skógræktarfélagsins leggur fram fyrir hvert ár. Er þar um að ræða skógrækt, vegagerð, viðhald á girðingu og vegum, viðhald á húsum á Elliðavatni o.fl.

## Eyðing Geitahlíðar

Geitahlíð er á merkjum Herdísarvíkur og Krísuvíkur. Hún er þer og blásin, en hér fer á eftir lýsing á eyðingunni samkvæmt *Lýsingu Selvogspinga* eftir séra *Jón Vestmann* árið 1840 (Landnám Ingólfs, Safn til sögu þess III, Rvík 1937-39):

„Þar að lýtur saga Árna Þórarinssonar, merkisbónda á Herdísarvík, og þannin hljóðar: „Þegar ég var 8 ára, fór ég fyrst með föður mínum út með Geitahlíð, og sá ég í einum stað eitt lítið flag, blásið í aur, hérna austast í hlíðarhorninu, en hvergi annarsstaðar, heldur einlægt graslendi og blóma yfir allt að líta.“ Þessa sögu sagði hann mér, þá við eitt sinni urðum samferða með nefndri hlíð, af forundran yfir því, hversu hrörleg hún þá var orðin, er hann var sjötugur. Sáust þá í henni fáeinir grasgeirar hér og hvar að neðanverðu og einstakir, fáir grasblettir, einasta þar, sem í hlé var við landnyrðingi.“

Árni var 8 ára árið 1758 eða þar um bil.

Þeir Jón Vestmann munu hafa farið með hlíðinni árið 1820.

# Reistur minnisvarði

*Ávarp Hákonar Guðmundssonar í tilefni af afhjúpun minnismerkis um  
Einar G. E. Sæmundsen í Heiðmörk 18. september 1974*

Þessa dagana eru liðin tvö ár og hálfu betur frá þeim atburði, er Einar Sæmundsen, skógarvörður, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur og formaður Landssambands hestamannafélaga, lést skyndilega á besta aldri. Hann hefði orðið 53 ára í dag, ef honum hefði enst aldur til.

Í lífi sínu og starfi hafði Einar haslað sér völl á tvennum vígstöðvum, ef svo má að orði kveða. Hann var í fylkingarbrjósti skógræktarmanna hér á landi og jafnframt var hann forustumaður meðal íslenskra hestamanna. Á báðum þessum sviðum skipaði Einar breiðan sess, og það með þeim ágætum, að samstarfsmenn hans, hvort heldur á vettvangi hestamennsku eða skógræktar urðu þegar eftir fráfall hans einhuga um það, að verðugt væri og skylt að honum yrði sómi sýndur með sýnilegu tákni, er stæðist tönn tímans, og bæri vitni því mati samferðarnanna hans á störfum hans og persónuleika, að hér hefði eigi neinn miðlungsmaður verið á ferð.

Þessi sameiginlega afstaða leiddi til þess að stjórnir Landssambands hestamannafélaga og

Skógræktarfélags Íslands beittu sér fyrir því, að reistur yrði til minningar um Einar Sæmundsen sá bautasteinn, sem hér stendur.

Steinn þessi er úr íslensku gabbro og er á hann lettrað:

„Pennan stein reistu skógræktarmenn og hestamenn 1971 til minningar um Einar G. E. Sæmundsen.“

Samstaða varð strax um það, að bautasteinninn skyldi standa hér í Heiðmörk, en þetta svæði hafði um hartnær aldarfjórðungsskeið verið í umsjón Einars, sem framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur. Allan þann tíma hafði hann beitt hugkvæmni sinni, þekkingu og starfsorku að því marki, að græða og fegra þetta friðland Reykvíkinga og gefa því þann búning, að borgarbúar gætu hingað sótt hvíld og friðsæld frá önn daglegra starfa. Enginn mun Einari betur hafa kunnað skil á kennileitum og gæðum Heiðmarkar, fjölbreytni hennar og leyndardómum. Hingað kom hann árla morguns og síðla dags til eftirlits og starfsstjórnar, og í Heiðmörk fór Einar Sæmundsson með vinum og kunningjum, akandi eða á hestbaki. Eigum við mörg ógleymanlegar minningar frá slíkum stundum, er hann fræddi okkur um starf sitt hér, og beindi sjónum okkar að sérkennum landsins, framtúðargildi þess og möguleikum - sem hann kundi öðrum betur skil á og hafði gáfu til að gefa öðrum hlutdeild í.

Þegar Einar Sæmundsen féll frá, á miðjum starfsaldri að kalla, biðu ótal skógræktarverkefni úrlausnar hans og atorku, - verkefni, sem hann brast hvorki hugkvæmni né áræði til þess að takast á við. Hann hafði óbilandi trú á því, að skógrækt hér á landi ætti sér mikla framtíð. Á því sviði hafði hann þegar unnið gagnmerkt starf, og enginn var líklegri en hann til að koma enn mörgu til leiðar á þeim vettvangi. Hann var öðrum fremri í yfirsýn og mati á því, hvað gera þyrfti, ráðhollur og góðviljaður, og átti það sólskin í hug og hjarta, að í



*Áletrunin á minnisvarðanum um Einar G. E. Sæmundsen. Ljós.: Sv. Þorm.*



Myndin er tekin við afhjúpun minnisvarðans 18. sept. 1971.

Ljós.: Sv. Þorm.

hans fylgd varð tilveran bjartari og störfin léttari.

Sagt er, að maður komi í manns stað. Rétt er það að vísu, en sæti slíkra manna sem Einars er vandfyllt, og í hugum okkar, sem þekktum hann best og nutum samstarfs hans og forustu, mun ætíð verða autt rúm. Það fundum og skildum við best, þegar hann var allur, og við sem eftir stóðum, fengum til meðferðar og ákvörðunar þau verkefni, sem áður var talið sjálfsagt að varpað væri á hans herðar. Meðan hann var meðal okkar þótti svo sjálfsagt, að fá honum vandann og verkefnin, að oft máttum við hvorki að verðleikum ósérhlífni hans, né heldur gættum við nægilegs hófs, þegar honum voru mældar byrðirnar og starfshlutar hans ákveðinn. Minning slíks manns bliknar hvorki né visnar. Og þegar við nú fáum í hendur viðfangsefnin, sem Einar leysti svo fúslega, þá stígur mynd hans fram í huga okkar skýr og lifandi -

„Þá yngist hver vinsemd og velgerð á ný,  
þá vekst upp hver þökk, sem við gleymdum,“

svo gripið sé til orða Stephans G. Stephanssonar.

Menn lifa í verkum sínum góðum eða slæmum, þótt þeir hverfi héðan úr mannheimi. Einar Sæmundsen var fæddur undir þeirri heillastjörnu að vera maður hinna góðu og jákvæðu verka - verka, sem lifa áfram og þróast til góðs fyrir land og lýð, þótt verkmaðurinn sjálfur sé fallinn frá. Sá gróður, sem hann hlúði að, trén, sem hann gróðursetti og gróðursett voru undir hans forsjá, halda áfram að vaxa og bera þjóðnýtu starfi hans vitni, í nútíð og framtíð.

Samferðamenn Einars í skógræktarstarfinu, hvar í flokki, sem þeir standa, þurfa ekki neitt sýnilegt tákni til að minning hans lifi í hugum þeirra, - minning þessa ágæta athafnamanns, sem í erli og önn dagsins átti svo mikið af hinni hlýju og fullkomnu kurteisi hjartans.

En þessi óbrotni trausti íslenski steinn er af hálfu skógræktarmanna reistur hér, sem óbrotgjarnt tákni þess, hve mikils þeir meta manninn Einar Sæmundsen og það starf, sem hann vann í þágu gróðurfarslegrar endurreisnar þessa lands.

## Kynnisferð um græðireiti í Noregi og Danmörku haustið 1970

Haustið 1970 gafst mér kostur á að fara til Noregs og Danmerkur til að kynna mér uppeldi trjáplantna og runna. Hákon Bjarnason skipulagði þessa ferð, og naut ég styrks frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Flyt ég öllum þessum aðilum sérstakar þakkir fyrir.

Ég lagði af stað frá Reykjavík 17. sept. til Oslo og flaug síðan þaðan til Bardufoss í Tromsfylki, sem er á 69° n. br.

Niels Olav Kaasen, fylkisskógstjóri, tók á móti mér og sýndi mér nýjan græðireit, sem er í botni Andselvdalsins. Þarna hafði verið næturfrost, og sá verulega á sitkagreniplöntum í reitnum. Kaasen hefur kynnt sér mikið ræktun sitkagrenis í plasthúsum, meðal annars farið til Finnlands, og hefur mikla trú á því að hægt sé að ala upp sitkagreniplöntur hæfar til dreifsetningar á einu ári.

Hann var búinn að kaupa nokkur plasthús frá Finnlandi, og hafði eitt þeirra verið sett upp og sáð í það til reynslu. Sáning þessi misheppnaðist, enda var fræinu sáð of seint. Hugðist Kaasen sá í þessi hús að vori, öllu því greni, sem nota skal þar um slóðir. Þegar ég var þar staddur, var búið að undirbúa grunn húsanna og ganga frá vatnslögnum að hverju húsi.

Plöntuframleiðsla í þessari stöð var s.l. ár um 1,5 millj. plantna.

Eftir að hafa farið um græðireitinn fór ég með Erling Messelt, héraðsskógameistara um Andselvdalinn, sem er mjög falletgur. Þar er Íslandshæð, og vorið 1949 plantaði ég þar ásamt öðrum Íslendingum furuplöntum, en við vorum þátttakendur í fyrstu skiptiferðinni milli Noregs og Íslands. Þar er nú hinn álitlegasti furuskógur, og er mikið af trjámum um 4 m á hæð. Gaman var að sjá árangurinn af þessu starfi okkar.

Til þess að komast til Harstad, sem var næsti áfangastaður, varð ég að taka áætlunarbíl sama dag. Áður en ég skildi við Kaasen lofaði hann

að athuga um fræsöfnun á þessum slóðum, en ég hafði hug á birki, eini og elri. Messelt hafði safnað nokkru fræi frá Senju og sent til Íslands. Kvaddi ég þessa heiðursmenn og hélt til Harstad. Dvaldi ég þar eina nótt. Þar hafði ég samband við græðireitsstjórnann í Ervik. Heitir hann Arntzen og hefur verið græðireitsstjóri þar í um 20 ár, eða frá því að stofnað var til græðireitsins. Er hann þar öllum hnútum kunnugur, enda sérlega fróður og vel að sér um allt, sem að græðireitsstörfum lýtur. Hann hefur mikinn hug á að viðá að sér mörgum kvæmum og reyna þau í strandhéruðunum. Græðireiturinn er fyrst og fremst ætlaður fyrir strandsvæðin og eyjarnar, t.d. Lofoten. Þær tegundir, sem aðallega eru í ræktun, eru rauðgreni, blágreni, sitkagreni frá Seward og Homer, svo og bastarður, Picea Lutzii. Uppeldið er miðað við 4-5 ára plöntur, og lágmarksstærð 13 cm.

Þarna var einnig dálítið af garðplöntum. Ræktunaraðferðum svipar til þess, sem er hér heima. Reitir frekar litlir. Við stöðina er góður kæliklefi, sem notaður er til geymslu á plöntum yfir stuttan tíma. Þó má geyma plöntur í slíkum kæliklefa um lengri tíma, ef þess er gætt að þekja yfir plöntur með plasti, eða búa um þær í plasti.

Áður en plönturnar eru settar í geymslu er nauðsynlegt að úða þær með brassicol. Hreinsun illgresis er hér vandamál sem annars staðar. Notað er symazin og amysol á dreifsetningarbeð.

Frá Ervik hélt ég til garðyrkjuskólans í Rå. Þar var margt að sjá. Margar tegundir runna eru þar ræktaðar, reyndar margar þær sömu sem eru í ræktun hér heima. Einnig eru hér gerðar tilraunir með ýmiss konar grasfræblöndur í garða. Í græðireitnum voru mjög einföld plastgróðurhús gerð úr rafmagnsrörum og prófiljárnnum, mjög svo eftirtektarverð. Á skól-



*Frá Íslandshæð í Andselvdal.  
Furuskógur gróðursettur af  
þátttakendum í fyrstu  
skógræktarferðinni til  
Noregs 1949.*


*Ljós.: V. Sigtr.*



an um er nú einn íslenskur piltur, Indriði Hafliðason Jónssonar og lét hann mjög vel af dvöl sinni þar.

Frá Rå var haldið, í fylgd með Arntzen, til Råvall, sem er skammt frá Stokmarknes. Græðireitsstjóri í Råvall er Tor Gommæs. Hann var nýbyrjaður að starfa hér, tók við græðireitnum

s.l. vor. Hér eru framleiddar um 4,5 millj. plantna á ári, mest megnis sitkagreni frá Seward og bastarður. Í gróðrarstöðinni voru reist fyrir tveimur árum fjögur plasthús til sáningar á sitkagreni, og eru þau eftir finnskum fyriryndum. Uppeldi sáðplantna gekk vel, og fengust sæmilega stórar og góðar plöntur á einu



*Frá gróðrarstöðinni í Rávall. Sitkagreniuppeldi í plasthúsi. Búið að taka plastið af húsinu.*

*Ljósmynd: V. Sigr.*

ári. Voru plönturnar allar teknar upp í október og settar í kæligeymslu (kápukæli).

Vorið eftir, (vorið 1970) voru plönturnar dreifsettar, og voru þá mjög fallegar, er þær voru teknar út úr kæli, en gulnuðu eftir dreifsetninguna. Samkvæmt athugunum, er gerðar voru á þessu, var talið, að plönturnar hefðu ekki verið búnar að loka nægilega vel brumi, er þær voru teknar upp og settar í kæli. Í vor var sáð í þessi hús öðru sinni, en heldur seint, þannig að plönturnar voru tæplega nógu stórar til dreifsetningar. Ég taldi æskilegt að nota hitakapla í þessi hús, til þess að lengja vaxtartímann. Var þetta rætt og ákveðið að skiptast á upplýsingum.

Kápukælir er byggður á þann hátt, að fyrst er reistur loftþéttur klefi úr vatnsheldum krossvið eða asbestplötum. Utan um klefann er svo reistur annar klefi, þannig að hann myndar kápu um hinn innri. Kalt loft er látið leika í loftrúminu milli klefanna og kælir það loftið í innri klefanum. Best hefur reynst að halda hitastiginu í innri klefanum í 0-2°C, en í honum eru plönturnar geymdar. Helsti kosturinn við kápukæli er sá, að þar er ekki mikil hreyfing á lofti og því minni hætta á að plönturnar ofþorni.

Kápukælar eru mjög dýrir í uppsetningu, og meðan framleiðsla plantna hér er ekki meiri en raun ber vitni er vart hægt að fara út í mikla fjárfestingu, þó svo það myndi borga sig með

tímanum. Til þess þyrfti framleiðslan að vera ½-1 millj. plantna árlega.

Í venjulegri kæligeymslu er köldu lofti dælt inn, en við það myndast trekkur, sem getur orsakað þornun á plöntunum, séu þær geymdar um lengri tíma. Til að koma í veg fyrir þetta, eru plönturnar venjulega hafðar í lokuðum plastumbúðum. en slíkt kostar töluvert fé og vinnu.

Ekki þarf að ganga sérstaklega vel frá plöntum á þessum slóðum fyrir vetur, vegna þess að snjór liggur á mestan hluta vetrar.

Gomnæs taldi mikilvægt að taka plönturnar úr reitnum að hausti, til þess að geta haft þær nógu snemma til afhendingar á vorin. Þá væri öruggara að hafa plönturnar inni yfir veturinn. Fyrir okkur Íslendinga væri þetta ákjósanlegt, því hjá okkur fara veturnir oft illa með plöntur í uppeldisstöðvunum.

Reidar Pettersen, héraðsskógmeistari kom í heimsókn á græðireitinn og bauð okkur öllum í bílferð um Sortland. Var það mjög skemmtileg ferð um sérlega fagurt land.

Aðalskógargróður er hér birki, elri og aspir, og svo rauðgreni plantað inn á milli. Þá hefur svolitlu af sitkagreni og bastarði verið plantað hin síðari ár. Vöxtur var mjög góður á öllum þessum tegundum.

Pettersen er mjög áhugasamur um ræktun sitkagrenis og þá einkum frá Alaska. Á hann

sjálfur lítinn græðireit, sem hann og fjölskylda hans annast.

Allir þessir menn, sem ég hitti hér og getið er um að framan, voru sérlega áhugasamir fagmenn, og er ég mjög þakklátur fyrir að mér gafst tækifæri til að kynna þeim og njóta sérstakrar gestrisni og vináttu þeirra.

Frá Råvall var haldið til Bodø með skipi, og þar tók á móti mér Olaf Aalde. Er hann nýtekinn við starfi fylkisskógmeistara. Hann fór með mér til Rognan, en þar er græðireitur, sem stjórnað er af Jakob Ryan. Ryan er mjög vel fær á sínu sviði, hugkvæmur og hefur hannað mörg verkfæri og vélar til hagræðis við græðireitastörfin. Í Rognan er aðallega alið upp rauðgreni, og er dreifsett þar um 7 millj. plantna. S.l. vor var þar tekin í notkun ný 6 raða Egedals dreifsetningarvél, sem hefur reynst mjög vel. Til þess að verkið gangi greiðlega er nauðsynlegt að hafa vant fólk, og það er hér eins og á fleiri stöðum erfitt að fá, þar sem aðalvinnutíminn nær aðeins yfir stutt tímabil, ca. 1 mánuð.

Við illgresiseyðingu er mest notað symazin, og hefur það í einstaka tilfalli haft í för með sér skemmdir á plöntum.

Eftir ánægjulegan og fróðlegan dag var ekið til Bodø, og var haldið til heimilis Aalde, þar sem snæddur var silungur og dvalið í góðu yfir-

læti um kvöldið. Næsta dag fór ég með flugvél til Kristiansand, en þar kom á móts við mig Overland græðireitsstjóri í Reiersøl. Hjú honum dvaldi ég í 3 daga. Overland er einn af fremstu græðireitsmönnum Norðmanna, og var margt af honum að fræðast.

Plöntuframleiðslan í Reiersøl er að mestu leyti greni og aðallega til skóglöntunar. Þó er dálítið uppeldi á hnausplöntum af fjölmörgum barrtegundum, og kenndi þar margra grasa. Er það til að bæta fjárhag stöðvarinnar.

Frá Noregi var haldið til Danmerkur og komið til Hirtshals, 29. sept. Þaðan var farið til Álaborgar og komið til Salling græðireits. Laversen, eigandi þessa græðireits, tók á móti mér og léði mér leiðsögumann, sem var yfirgarðyrkjumaður græðireitsins. Hér er fyrst og fremst garðplöntuuppeldi, mikil og mjög fullkomin framleiðsla. Mikið af runnum var ræktað í sérstökum gróðurhúsum, þar sem notuð er þokuúðun af fullkonnustu gerð til vökvunar. Laversen hafði nýlega hafið ræktun runna, og telur að það uppeldi fari vaxandi. Öll var ræktunin og umgengin hér til fyrirmyndar enda er þetta einn fullkonnasti græðireitur Dana, auk þess sem hann er einn af þremur stærstu, og heimsótti ég þá alla. Frá Salling fór ég til Randers, þar sem Danska Heiðafélagið er með sinn aðalgræðireit undir umsjón Nyholm. Hann var ekki



*Frá gróðrarstöðinni í Rognan, Olav Aalde, Ryan og Aalde eldri, talið frá vinstri.*

*Ljós.: V. Sigtr.*



*Frá gróðrarstöðinni í Reiersol.*

*Ljósm.: V. Sigtr.*

heima, er ég kom þangað, en hafði falið Rasmussen græðireitsstjóra að sýna mér reitina.

Í Randers er aðallega uppeldi á skóg- og skjólbeltaplöntum. Vélvæðing er þar mikil og uppeldi mjög fullkomið, enda nauðsynlegt þar sem mjög erfitt er að fá fólk til starfa um annatímann. Hér var eingöngu notaður tilbúinn áburður, eins og reyndar í öllum þeim græðireitum, sem ég heimsótti. Það, sem vakti sérstaka athygli mína hér sem annars staðar, var hvað plöntur voru fallegar og rótarkerfi þeirra gott.

Nyholm hefir umsjón með öllum græðireitum Heiðafélagsins og er með rannsóknarstöð, sem rannsakar allt það fræ, sem sáð er.

Frá Randers var haldið til Kaupmannahafnar og þar dvalið í viku, en á þeim tíma hafði ég samband við prófessor Klougart við Danska Landbúnaðarháskólann. Undirbjó hann ferðir fyrir mig til ýmissa græðireita. Fyrst fór ég til Pedersen Planteskole, sem er niður á Fjóni, og er það stærsti græðireitur í Danmörku. Framleiðsla þar er um 10 millj. plantna á ári.



*Frá gróðrarstöð Danska Heiðafélagsins. Unnið að dreifsetningu að hausti.*

*Ljósm.: V. Sigtr.*

Allt var þar mjög nýtskulegt, og megnið af plöntunum alið upp í plastpottum. Pottunum var raðað ofan í sand, en undir honum var plastdúkur til að forðast illgresi. Að mestu leyti var notuð sphagnummold í reitina, og er það mikið hagræði, þar sem hún er laus við allt illgresi. Áburði er dreift í gegnum vökvunarkerfið, sem er mjög fullkomið. Sá, sem mest ábyrgð hvílir á, er áburðarmaðurinn og hefir hann allt líf í hendi sinni. Teknar voru jarðvegsprufur hálfsmánaðarlega og sendar til Kaupmannahafnar, og kom svar við þeim að tveimur dögum liðnum.

Einn stærsti kostur við uppeldi plantna í pottum er að hægt er að gróðursetja plönturnar allan sumartímann.

Koma mín í þennan stóra græðireit var mér mikil opinberun, því hér var um mikla byltingu í ræktun að ræða. Ég sá einnig fjölmargar tilraunir, sem of langt mál yrði að gera grein fyrir hér.

Næstu daga dvaldi ég í Humlebæk. Fyrst skoðaði ég Paulsens græðireit, sem er frægastur fyrir rósi. Þar var mjög fullkomið þokuúðunarhús, sem gerir mögulega ræktun græðlinga af flestum tegundum trjáa og runna, t.d. grenis. Yfirumsjón með þessu hafði ung garðyrkjukona, og sýndi hún mér gróðurhúsin. Undrun mína vakti, hversu miklu var hægt að afkasta í þessum húsum. Græðlingarnir voru allir hafðir í bökkum, og voru þeir fluttir frá einu stigi til

annars eftir því, hve rætingin var langt á veg komin.

Frá Paulsens græðireit var haldið til Planteavlstationen í Humlebæk. Þar er uppeldisreitir fyrir dönsku ríkisskógræktina. Einnig er þar fræsöfnunarmiðstöð og klengingarstöð. Barner græðireitsstjóri sýndi mér reitina, sem eru mjög snyrtilegir og vel úr garði gerðir. Þeir höfðu líka tekið nýtt land í notkun nálægt Klampenborg. Þar voru þeir með vatnstjörn, þar sem safnað var vatni fyrir græðireitina. Úr tjörninni var því dælt volgu inn á vökvunarkerfið.

Með heimsókn minni til Planteavlstationen lauk kynnisferð minni í Noregi og Danmörku. Þetta var sérstaklega fróðleg ferð. Kollegar mínir í Noregi og Danmörku voru dálítið undrandi yfir því, að við skyldum ekki hafa meira samband við þá um ýmiss atriði varðandi græðireiti. Á Norðurlöndum er haldinn einu sinni á ári fundur um græðireitamál, og eru þá tekin til umræðu þau atriði, sem efst eru á baugi hverju sinni. Vorið 1970 var fundurinn haldinn í Finnlandi, og var þá aðallega rætt um uppeldi plantna í mópottum og plasthúsum. Frændur vorir voru fullir áhuga á að fá Íslendinga með í hópinn, og lofuðu að styðja að því.

Ég tel það mikinn ávinning fyrir íslenska skóg- og garðrækt að fá tækifæri til að fylgjast með því, sem gerist á þessu sviði í nágrannalöndunum. Það fyrsta, sem gera þyrfti, væri að taka þátt í þessum fundum.

*Frá gróðrarstöðinni  
Humlebæk.*

*Ljós.: V. Sigtr.*



## Störf Skógræktar ríkisins 1970

### FJÁRFRAMLÖG

Fjárveiting Alþingis til skógræktar fyrir árið 1970 nam alls kr. 13.877.000, sem var kr. 2.770.000 hærri en árið áður. Af þessari fjárveitingu runnu kr. 1.450.000 til Skógræktarfélag Íslands og kr. 1.000.000 til ýmiskonar styrkja til einstaklinga. Í hlut Skógræktar ríkisins komu því alls kr. 11.427.000 frá hinu opinbera.

Tekjur af vindlingum urðu nokkru hærri en árið á undan eða alls kr. 3.795.370. Í hlut Skógræktar ríkisins komu kr. 2.750.000 og hafði hún því alls kr. 14.177.000 handa á milli til launa og framkvæmda að viðbættum heimatekjum, sem námu um kr. 1.200.000.

Vindlingafé var skipt þannig:

Lagt við höfuðstól Landgræðslu- sjóðs .....	kr. 245.370
Til gróðrarstöðva skógræktarfélag .....	- 800.000
Til gróðrarstöðva Skógræktar ríkisins .....	- 2.000.000
Til frækaupa .....	- 370.000
Til gróðursetningar .....	- 380.000

Stærstu gjaldaliðir voru til skóggæðslu kr. 4.166.000, gróðrarstöðva kr. 3.075.000 og til viðhalds á girðingum og öðrum eignum ásamt skógvörslu kr. 2.074.000. Þá var kr. 400.000 varið til skóglendiskaupa.

### VEÐURFAR OG VÖXTUR

Vetur var umhleyplingasamur en engin stórvíðri. Veður fremur kalt fram í maí. Sunnanlands var vetur snjóléttur og fór því klaki djúpt í jörð og þiðnaði seint. Fyrir norðan og austan var meiri snjór og klaki því miklu minni. Sakir votviðra í maí spratt seint fyrir sunnan en hinsvegar var ágæt tíð fyrir norðan og austan, og júní var þar betri en í meðallagi. Vöxtur var því óvenju góður fram í júlí norðan og austanlands en í meðallagi fyrir sunnan. En svo kom mikið áhlaup hinn 10. júlí um allt land og fylgdi því mikill kuldi. Reif og sleit blöð af

trjám um allt land og vöxtur stöðvaðist með öllu. Ágústmánuður varð hlýrri en júlí og fóru tré þá að vaxa á ný, og þar sem september var einnig sæmilega hlýr náði trjágróður sér furðu vel. Eftir þetta var fremur mild tíð fram undir áramótin.

Rauðgreni var eina trjátegundin, sem virtist ekki ná sæmilegum þroska. Það var ljósgult allt sumarið og náði ekki að grænka nóg undir haustið. Vöxtur var mjög svipaður og sumarið á undan þrátt fyrir áhlaupið og kuldakastið í júlí.

Laufgun og lauffall birkis var talið þetta:

Reykjavík .....	8/6	14/10
Stálpastaðir .....	11 /6	30/9
Laugabrekka .....	20/6	10/10
Akureyri .....	15/6	20/10
Vaglir .....	10/6	26/9 (rok)
Hallormsstaður .....	11/6	27/9 (rok)
Tumastaðir .....	16/6	2/10
Þórsmörk .....	15/6	25/10

Fræfall var mjög lítið. Enda var þess varla von á Hallormsstað, bæði sakir kuldanna í júlí sem og þess, að árið áður var mjög góður fræþroski á flestum tegundum. Birkifræ var með allra minnsta móti og erfitt að afla þess. Gerður var út leiðangur til Skaftafells, en 4 menn söfnuðu ekki nema 19 kílógrömmum á 4 dögum.

Skaðar á trjám af völdum sveppa voru hvergi áberandi. Svepps þess, *Potebniamyces coniferanum*, sem lagst hefur á lerkigreinar undanfarið, gætti minna en áður og virðist í rénun, a.m.k. í bili.

Grasmaðkur gerði hinsvegar töluverðan usla á ungvíði undir Eyjafjöllum, og sennilega hefur það bæði verið grasmaðkur og birkimaðkur, sem skemmdi og drap fjölda trjáa í girðingunni ofan við Kirkjubæjarklaustur, þar sem einna fegurstur er birkigróður á landinu. Þá lagðist grasmaðkur einnig á ungt lerki í Mjóaneslandi og át töluvert af barri áður en sjófuglar settust að honum og upprættu hann.

Snjóflóð skemmdi um 3 hektara skógarspildu í Þórðarstaðaskógi, og lítil aurskriða tók burt um 100 m langa girðingu í Hvammslandi í Skorradal.

Ekki hafa borist neinar fréttir af skemmdum vegna sinubruna eins og oft áður og er það vel.

#### FRÍÐUN OG GIRÐINGAR

Fest voru kaup á jörðinni Sarpi og hálfum Efstabæ í Skorradal. Liggja þær jarðir austast í norðanverðum dalnum nokkuð fyrir innan vatnið. Í löndum jarðanna er lítið um skógarleifar og þau eru uppurin af örtröð fyrri ára. Þó sjást kjarbrúskar á nokkrum stöðum, og ekki er vafi á að víða mun birki koma upp við friðun landanna. Enn er óvíst hvenær tækifæri býðst til að girða jarðirnar þótt þess sé mikil þörf.

Bakkakot er lítil jörð sunnan megin í Skorradal andspænis Sarpi. Eigandi hennar er Þjóðverji, Ernst Wiesnagrotzki, og var gerður samningur við hann um friðun lands og afnot þess á sama hátt og gert hefur verið áður við ýmsa landeigendur í Borgarfirði og víðar. Samningurinn er á þá leið, að Skógrækt ríkisins tekur að sér friðun lands en fær í stað þess umráð yfir landi til gróðursetningar. Landeigandi fær svo nokkra hundradshluta af framtíðarnytjunum í staðinn. Samkvæmt þessu var land Bakkakots girt að miklu leyti með tæplega 5 km langri girðingu. Var girðingu að mestu lokið um haustið, og er hún gerð á sama hátt og venjulegar skógargirðingar með 70 sentimetra háu neti, galvaniseruðum járnstaurum og þrem gaddavírsstrengjum.

Sett var upp járngrindarhlið á Selskógsgirðingu og er henni að fullu lokið.

Girðing var sett upp í landi Síðumúla á skóglausu landi, og er hún 2,2 km á lengd og girðir um 25 hektara lands. Þar á að gróðursetja ýmsar tegundir til reynslu.

Endurbætur og viðhald girðinga var af hendi leyst að venju. Erfiðlega gekk að halda Þórsmörk fjárlausri, enda eru hlutar girðingarinnar orðnir gamlir og veikir fyrir þunga fjárins. Ennfremur hafa jöklar dregist frá girðingarendum á nokkrum stöðum, og eru þar opin skörð. Svo hirða ferðamenn oft ekki um að loka hliðum, þrátt fyrir góða gæslu vörslumanns.

Í Þjórsárdal var einnig sumarvarsla, og tókst

hún svo vel, að þar komst ekki fé inn til langdvalar.

#### SKÓGARHÖGG

Á þessu ári var skógarhögg miklu meira en nokkru sinni fyrr á Hallormsstað, en hinsvegar með minna móti á Vöglum, þar sem engin eftirspurn var eftir reykingavið. En eftirspurnin er nærri einvörðungu frá niðursuðuverksmiðjunum á Akureyri.

Sala víðar nam alls:

Efniviður .....	3.3 tonn
Eldiviður .....	40.0 -
Staurar .....	5733 stk.
Renglur .....	1140 stk.

Miklar birgðir eru nú til, bæði af staurum og öðrum víði, svo að allt er unnt að afgreiða samstundis.

Sala jólatrjáa og furugreina nam:

Frá Hallormsstað	
1302 tré og 213 kg. greinar.	
Frá Stálpastöðum	
300 tré og 100 kg. greinar.	
Frá Þjórsárdal	
146 tré.	
Alls 1748 tré og 313 kg greinar.	

#### GRÓÐRARSTÖÐVAR

Stöðvarnar voru reknar á sama hátt og undanfarið. Uppeldið hefur dregist saman frá því er var fyrir nokkrum árum. Af ásettu ráði átti að miða plöntufjöldann við eina milljón plantna á ári um nokkur ár, en hann hefur orðið nokkru minni nú undanfarið sakir veðurfars og mannlegra mistaka. Skipting tegunda hefur heldur ekki verið svo sem skyldi. Meira hefur verið um rauðgreni en æskilegt var en hinsvegar mikill skortur á sitkagreni. Þá hefur einnig skort birkiplöntur og stafafuru. Uppeldi birkis hefur nú aukist mjög en hinsvegar gengur hægar með sitkagrenið.

Sáninga, dreifsetninga og afhendingar trjáplantna er getið í 1.-3. töflu, og eru stöðvar skógræktarféлага teknar með að vanda til að sýna heildaryfirlitið.

TAFLA 1.

## Sáningar árið 1970.

Tegund	Hallormsst.		Vaglir		Tumast.		Laugabr.		Skógr.rík.		Fossvogur		Akureyri		Samtals	
	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>	kg	m <sup>2</sup>
Birki .....	5.00	163	5.00	174	3.00	115	1.00	45	14.00	497	10.90	350	0.25	15	25.15	862
Blágreini .....	0.85	34	0.75	25					1.69	59	0.25	10			1.85	69
Brodd-blágr. ....			0.27	12					27.0	12					0.27	12
Hvítgreini .....			0.70	18					0.70	18					0.70	18
Rauðgreini .....	0.50	20	1.00	30	2.56	45			4.06	95	0.45	9			4.51	104
Sitkabast. ....	0.20	10							0.20	10					0.20	10
Sitkagreini .....	0.50	20	0.05	6	3.45	238			4.00	264	1.40	95	0.44	20	5.84	379
Bergfura .....	0.13	10	0.65	48	0.35	30			1.13	88	4.29	300			5.42	388
Broddfura .....	0.90	20			0.90	20			1.80	40	0.50	10			2.30	50
Stafafura .....	0.50	50	0.70	80	1.43	150			2.63	280	1.20	120			3.83	400
Rússalerki .....	2.96	20							2.96	20					2.96	20
Síberíulerki .....	11.50	270	1.93	68	1.26	40			14.69	378	0.57	15	0.15	5	15.41	398
Alls	23.04	617	11.05	461	12.95	638	1.00	45	48.04	1761	19.56	909	0.84	40	68.44	2710

TAFLA 2.

## Dreifsetning plantna árið 1970.

Tegund	Hallormsst.	Vaglir	Tumast.	Norðt.	Laugabr.	Skógr.rík.	Skógr.félög	Samtals
						alls	Fossvogur Akureyri	
<i>Skógarplöntur:</i>								
Birki .....	18.000	14.400			30.000	62.400	40.100	102.500
Blágreini .....	35.500	1.600			5.000	42.100		42.100
Broddgreini .....	6.800					6.800		6.800
Brodd og blágr. ....		2.700				2.700	9.000	11.700
Hvítgreini .....	1.600	1.900				3.500		3.500
Rauðgreini .....	21.500	44.800	16.700	64.000		147.000	22.500	169.500
Svartgreini .....	11.700	800				12.500		12.500
Sitkagreini .....	4.800		178.700		8.000	191.500	169.000	372.500
Sitkabast. ....	15.000					15.000		15.000
Bergfura .....		9.600	56.400		6.000	72.000	36.000	108.000
Broddfura .....	6.700					6.700		6.700
Lindifura .....		300				300		300
Stafafura .....	38.700	63.000	109.100	6.500	24.000	241.300	35.000	280.300
Sveigfura .....		300				300		300
Síberíulerki .....	90.000	1.400	7.200			98.600	2.000	116.600
Alls	250.300	140.800	368.100	70.500	73.000	902.700	313.600	1.248.300
<i>Garðplöntur :</i>								
Alaskaösp .....	300		1.500			1.800	10.000	11.800
Víðir .....	5.700		300	4.000		10.000	27.000	37.000
Ýmsar tegundir ...	6.800		7.200			14.000	67.400	81.400
Alls	12.800		9.000	4.000		25.800	104.400	130.200



TAFLA 3.

## Afhentar plöntur árið 1970.

Tegund	Hallormsst.	Vaglir	Tumast.	Norðt.	Laugabr.	Skógr.rík.		Fossvogur Akureyri Samtals
						alls		
<i>Skógarplöntur:</i>								
Birki, ódrs . . . . .	37.700	13.200	1.500			52.400	15.400	67.800
Birki, drs. . . . .	5.300	3.400	3.900	6.500	9.900	29.000	48.300	87.300
Fjallabirki . . . . .	2.800	1.000				3.800		3.800
Gráöflur . . . . .	1.200					1.200		1.200
Brodd og blágr. ....	2.800					2.800		2.800
Hvítgreni . . . . .		4.100		100		4.200		4.200
Douglasgr . . . . .			1.000			1.000		1.000
Rauðgreni . . . . .	17.700	75.000	81.000	13.900	3.100	190.700	33.600	224.300
Sitkagreni . . . . .	400		8.700		500	9.600	32.400	42.000
Bergfura, ódrs. ....	3.300					3.300		3.300
Bergfura, drs. ....	1.000	7.700	18.100	2.200	1.500	30.500	77.500	108.000
Fjallafura . . . . .							2.000	2.000
Stafaf., drs. . . . .	800	31.000	20.400	3.000	300	55.500	23.700	1.100
Rússalerki . . . . .	26.200				18.700	44.900	1.500	46.400
Síberíulerki . . . . .	35.600					35.600	1.500	19.300
Alls	134.800	135.400	134.600	25.700	34.000	464.500	219.000	47.300
<i>Garðplöntur</i>								
Al.ösp, víðir . . . . .	3.500		6.800			10.300	25.300	35.600
Ýmsar tegundir ...	1.800		3.100			4.900	23.500	3.400
Alls	5.300		9.900			15.200	48.800	3.400

Á Tumastöðum var hafinn undirbúningur að kæligeymslu, en hún mun ekki koma að notum fyrir en veturinn 1971-1972. Þá var og aflað efnis í gróðurhús úr búrplast. Við stöðina í Laugabrekku var reist lítið hús, 23 fermetrar, sem skýli verkafólks og áhaldageymsla.

Ef vel tekst til með geymslu trjáplantna í kælihusi yfir veturinn verður haldið áfram á þeirri braut, og með því gæti orðið mikil breyting á störfum í stöðvunum, kostnaður af uppeldi minnkaði og minni vanhöld yrðu á ungvíði. En reynslan ein verður að skera úr um þetta.

## GRÓÐURSETNING

Alls voru ekki gróðursettar nema um 290 þúsund plöntur á vegum Skógræktar ríkisins, sem er nokkru minna en árið á undan. Tafla 4 sýnir hvar plönturnar voru settar.

Hirðing ungvíðis var hinsvegar meiri en áður, og var hún aðallega fólgin í að klippa eða saga teinunga frá plöntunum. Alls mun hafa verið hreinsað til á 50-60 hektara svæði. Til hirðingar

má einnig telja grisjun í ungum birkiskógi á Hallormsstað, þar sem ætlunin er að birkiskógur vaxi upp. Er þessi skógur í svonefndum Dýás, en þar var skóglaut fram að 1940.

Áburðargjöf var ekki mikil, en henni var einkum beint að rauðgreni, sem ætlað er til jólatrjáa.

Á melunum utan við Vagli var grasfræi sáð í 6 ha lands auk þess, að lúpína var gróðursett í allstór svæði. Þar er og birki að koma upp úr öllum gróðurtorfunum, sem eftir stóðu á melunum þegar þeir voru girtir, og er því lýst í annarri grein í þessu riti.

## BYGGINGAR

Engar nýjar byggingar voru reistar á árinu nema skýlið í Laugabrekku. en hinsvegar var víða mikið gert að viðhaldi húsa. Voru mörg þeirra bætt mjög, bæði að innan og utan.

## FLJÓTSDALSAÆTLUNIN

Fyrstu girðingunni samkvæmt þessari áætlun, á Víðivöllum í Fljótsdal, var lokið og

TAFLA 4.

## Gróðursetningar Skógræktar ríkisins árið 1970.

Staður	Birki	Rauðgr.	Sitkagr.	Hvítgr. Stafaf.	Douglas-			Gráelri	Alls	
					Bergf	greni	Lerki			
Hvammur .....	375	29.795		7.950					38.120	
Stálpastaðir .....		7.500							7.500	
Háafell .....		2.500							2.500	
Selsskógur .....			4.190			360			4.550	
Reykholt .....	4.200								4.200	
Norðtungu .....		37.200		2.800					40.000	
Jafnaskarð .....		9.000		2.000					11.000	
Reykjahóll .....	2.000						1.000		3.000	
Úlfsstaðir .....	1.000								1.000	
Barkarstaðir .....	500						500		1.000	
Haukagil .....		2.000							2.000	
Sauðanes .....	1.300			1.000	600		200		3.100	
Reynistaður .....	1.100			1.100					2.200	
Vaglaskógur .....				2.810	625		300		3.735	
Sigríðarstaðir .....		2.810		2.400	5.025		700		10.935	
Fellsskógur .....		9.600							9.600	
Hallormsstaður .....		26.625		125	400	3.300		8.075	38.525	
Hafursá .....	800							1.200	2.000	
Mjóanes .....							27.945		27.945	
Reykjahjáleiga .....			3.000	1.000					4.000	
Þjórsárdalur .....		10.000		9.000		675	1.500		21.175	
Ölvesholt .....		1.000		1.000	1.000				3.000	
Laugarvatn .....		16.550							16.550	
Haukadalur .....		11.450							11.450	
Straumur .....						2.000			2.000	
Mógilsá .....	21.000								21.000	
Alls	32.275	166.030	7.190	2.525	34.085	7.525	1.035	40.220	1.200	292.085

plantað í hana 8.100 lerkiplöntum. Hafist var handa við næstu girðingu í landi Brekku og Hjarðarbóls, sem verður um 2 km á lengd. En sakir óþurrka ódrýgðist tími bændanna svo að ekki tókst að ljúka girðingunni, og þá brast einnig tíma til að koma upp girðingu í Geitagerði eins og áformað hafði verið. Undir haustið var keypt net í 10 km girðingu og var það sent að Hallormsstað. Er því allt tilbúið til stærra átaks á næsta ári.

#### ÝMISLEGT

Ráðnir voru umsjónarmenn sumarlangt í Þórsmörk og Þjórsárdal. Er þetta þriðja sumarið í röð, sem vörður er í Þórsmörk, en fyrsta sumarið, sem varsla er í Þjórsárdal. Straumur ferðafólks til þessara staða er svo mikill, að umsjón er óhjákvæmileg. Að því er Þjórsárdal snertir hafa Landsvirkjun, Þjóðminjasafnið, Ferðafélag Íslands, hreppsnefnd Gnúperjahrepps og Skóg-

rækt ríkisins skipað 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um, hvernig þetta mikla landssvæði verði best nýtt sem útivistarsvæði. Garðar Jónsson skógarvörður á Suðurlandi starfar í nefndinni fyrir Skógrækt ríkisins.

Sakir þess, hve júlímánuður var kaldur um land allt, var færri um ferðafólk í skóglendunum en áður. Samt voru skemmtanir um verslunarmannahelgina fjölmargar í Vagla- og Hallormsstaðaskógi. En satt að segja eru slíkar samkomur orðnar ærið hvítleiðar fyrir Skógrækt ríkisins og alltof mikill átroðningur af þeim. Þær eru heldur ekki að verða eftirsóknarverðar fyrir þá, sem gangast fyrir skemmtunum. Kostnaður við þær er orðinn gífurlegur, ekki síst þegar ofan á allt bætist söluskattur, skemmtanaskattur og ótrúlega háir löggæslukostnaður. Ágóðinn af öllu tilstandinu verður því hverfandi lífíll og er ekkert líklegra en að þær leggist niður.

Haukur Ragnarsson sat fund FAO, sem

haldinn var í Ungverjalandi, og fjallaði um ræktun trjáfræs. Var það mjög lærdómsríkur fundur að sögn Hauks og komst hann í kynni við ýmsa leiðtoga á þessu sviði skógræktar. Að því búnu hélt hann til Rússlands í boði skógstjórnarinnar þar, og var ætlunin að hann færi til Síberíu til að skoða lerkiskóga í þeim héruðum, sem við teljum æskilegt að fá fræ frá. En sakir kólerufaraldurs varð ekkert úr þessari för, og var því ferðin hlaup en ekki kaup. Þá má geta þess, að Sigurði Blöndal var boðið á fund til Noregs þar sem umhverfisrannsóknir voru til umræðu. Var það fróðlegur og nýtsamur fundur, og hefur Sigurður haldið nokkur erindi hér á landi um þetta efni.

Í ágúst var skiptiferð milli skógræktarfélaganna í Noregi og hér. Er þetta 8. ferðin, sem farin hefur verið á 21 ári. Tóku 70 manns þátt í förinni frá hvorum aðila, en að auki komu hingað nokkrir norskir skógræktarmenn og framámenn í skógræktarfélaginu í Oplandi og ferðuðust um landið á meðan unga fólkið vann að gróðursetningu. Meðal þeirra voru prófessor Hákon Robak, forstöðumaður skógtílaunastöðvarinnar á Vesturlandinu, framkvæmdastjóri norska Skógræktarfélagins, Wilhelm Elsrud og frú Elsrud, fylkisskógstjórnarnir Mörkved og Ödegård ásamt frú Ödegård, Gunnar Overland, forstjóri Reiersölstöðvarinnar, Simen Huse lénsmaður ásamt frú og dóttur. Norska fólkið vann að plöntun á ýmsum stöðum hér og leysti starf sitt vel af hendi. Íslendingarnir, sem til Noregs fóru, létu vel yfir för sinni. Fararstjórnar voru þeir Jónas Jónsson ráðunautur, varaformaður Skógræktarfélags Íslands og Snorri Sigurðsson framkvæmdastjóri þess.

Skiptiferðirnar hafa orðið til ómetanlegs gagns fyrir skógrækt á Íslandi á margan hátt. Óþarft er að telja slíkt upp hér, enda væri það efni í langa grein, ef allt skyldi upp talið.

## Birki á Grænlandi

Í blaðinu Danmarksposten, nr. 7-8, 1971, er skemmtileg grein eftir Ove Bak um land hinna fornu Grænlandinga við Hvarf, en þar hefur höfundur rannsakað strendur og dali í leit að fornum bústöðum Grænlandinga. Hefur honum tekist að finna yfir 100 áður óþekktar bústaði á undanföllum 4 árum, og hefur þessum rannsóknum verið haldið áfram í sumar. Um landslag og gróður farast honum svofelld orð:

„Á skögum milli fjarðanna og í áttina að meginjöklinum eru margir stórir dalir, oft kringdir háum fjöllum. Hér er skjól fyrir köldum vindum og sólin getur vermt landið allmikið.

Eftir dalabotnunum rennur oftast vatnsmikil á, og á bökkum hennar er oft þykkur jarðvegur. Sakir sólarhitans vex hið venjulega grænenska birki- og víðikjarr hér upp í háan kjarrskóg. Víða sjást regluleg tré, en þau eru þó oftast beygð á ýmsa vegu. En á nokkrum stöðum hafa þau ekki kiknað undan vetrarsnjó. Í Qinguadal nálægt Hvarfi hafa verið mældir allt að 10 metra háir birkistofnar. Um síðustu aldamót var fellt tré með 367 árshringi. Þvermál stofns við rót var 128 sentimetrar.“ Þetta er snotur lýsing af landi.

Á síðari árum hafa Danir gert ýmsar tílaunir með trjárækt í Grænlandi, en ekki er mér kunnugt um árangur. Þar munu einnig til reitir af svipuðum aldri og Þingvalla- og Grundarreitirnir hér, sem þeir Ryder og Prytz komu á fót.

En Danir hafa líka flutt íslenskt sauðfé til Grænlands í þeirri von og trú, að það gæti orðið nokkur atvinnuvegur fyrir fátæka Grænlandinga. Segja þeir, sem fylgst hafa með þessu, að gróðureyðing sé orðin ískyggilega mikil umhverfis fjárbúin.

H.B.

# Störf skógræktarfélaganna 1970

Hér verður greint frá því helsta, sem gerðist á vettvangi skógræktarfélaganna á árinu 1970. Í stórum dráttum voru störf þeirra þessi:

## GIRÐINGAR

Færri girðingar voru settar upp á árinu 1970 en búist var við, og eru þær á þessum stöðum:

Á Gunnfríðarstöðum í Langadal var byrjað á nýrri girðingu árið 1969, og er hún viðbót við girðingu, sem sett var upp árið 1961. Nýja girðingin var nú fullgerð, og með henni bættist við lönd Skógræktarfélags A.-Húnavatnssýslu um 21 ha lands. Áður var búið að girða á Gunnfríðarstöðum um 16 ha lands. Þetta er allmyndarleg viðbót og þörf, því fullgróðursett var í eldri girðinguna. Kostnaður við nýju girðinguna var alls tæpar 140 þús. krónur.

Í Höfðalandi á Höfðaströnd var sett upp 1,5 ha girðing á vegum skógræktardeildarinnar þar. Er þá upptalið það, sem friðað var af landi á árinu 1970.

Þótt minna hafi verið unnið að því að taka ný lönd til friðunar en skyldi, þá var óvenju mikið unnið að endurnýjun og viðhaldi á eldri girðingum. Er þar helst að nefna, að Skógræktarfélag Eyfirðinga gerði miklar endurbætur á Vaðlagirðingu við Akureyri, en þar var endurnýjaður 2 km langur kafli. Landgræðslusjóður styrkti félagið til þessa. Voru þessar endurbætur mjög aðkallandi, því girðingin var mjög úr sér gengin, enda mikið álag á henni bæði sakir snjóþyngsla og ágangs búfjár. Víða annars staðar var unnið að lagfæringum á girðingum, og mun láta nærri að alls hafi um 380 þús. króna verið varið til þessa. Í því sambandi þykir rétt að geta þess, að sjálfbóðaliðar lögðu fram 173 dagsverk við lagfæringar á girðingum á árinu.

## GRÓÐURSETNING

Á árinu 1970 gróðursettu skógræktarfélögin tæplega 380.000 trjáplöntur, og er það heldur lægri tala en næstu ár á undan. Megin ástæðan

til þess að plantað var minna en skyldi var að nokkru leyti óhagstætt árferði. Einnig lagðist skortur á trjáplöntum á sömu sveif. Sérstaklega var tilfinnanlegur hörgull á birki, blágreini og lerki. Þá vantaði einnig sitkagreini, en þess hefur ekki gætt fyrr svo teljandi sé. Skortur á þessum tegundum var því til þess, að félögin gróðursettu nú meir af furu en oft áður.

Nú er stefnt að því að auka uppeldi fyrrgreindra tegunda, en sú viðbót mun ekki komast í gagnið fyrr en að tveimur til þremur árum liðnum. Því er ekki að vænta meiri gróðursetningar hjá félögunum frá því, sem nú er, næstu árin. Þess má loks geta, að hækkan á plöntuverði mun hafa dregið úr plöntukaupum félaganna. Þetta kemur m.a. fram í því, að á árinu 1970 keyptu þau plöntur fyrir um 915 þús. kr., en árið áður greiddu þau um 640 þús. kr. fyrir plöntur og gróðursettu þá um 440 þús. trjáplöntur. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að skipting milli trjátegunda helst nokkuð óbreytt þessi tvö ár, þannig að hún hefur ekki haft teljandi áhrif á útgjöld vegna plöntukaupa. Hinsvegar ber þess að gæta, að sum félaganna keyptu töluvert af garðplöntum á s.l. ári.

Við gróðursetningu plantna voru unnin 1650 dagsverk, og þar af lögðu sjálfbóðaliðar fram um 500 dagsverk. Þetta svarar til að nær þriðja hver planta hafi verið gróðursett af sjálfbóðaliðum. Æskilegt væri að félögunum héldist sem lengst á þessum vinnukrafti og að einnig væri hægt að fá fólk meir til annara starfa.

## ÖNNUR STÖRF

Á árinu 1970 vörðu félögin kr. 363 þús. til grisjunar, illgresiseyðingar og áburðargjafar. Alls voru dagsverk við þessi störf 712 að tölu, og þar af lögðu sjálfbóðaliðar fram 115 dagsverk.

Að undanförmu hafa sum félaganna lagt töluverða áherslu á umhirðu plantna, enda hefur hún víðast hvar borið góðan árangur. En mikið verk bíður hér úrlausnar. Einkum er nauð-

Gróðursetning skógræktarfélaganna 1969.

Félag	Birki	Stafaf.	Bergf.	Rauðgr.	Sitkagr.	Lerki	Blágr.	Ýmsar tegundir	Alls
Austurlands .....	750	200		1125	400	12760			15235
Árnesinga .....	1300	4900	4350	10100			150	20800	
A-Skaff. ....		500			1000		185	1685	
A-Húnvetr. ....	760		1000			900		2660	
Borgarfj. ....	7700	6000	3000	6100	4500		1350	28650	
Bolungarv. ....	100		300		100		1000	1500	
Björk .....	200				800			1000	
Dalasyflu .....	2000	1000	1000		1000			5000	
Eyfirðinga .....	25950	1100		3500		14750	250	45550	
Hafnarfj. ....	3800	2000	5250	500	1750		3500	16800	
Heiðsynninga .....		1000	1000		1000			3000	
Ísafjarðar .....		1000	4000		2000			7000	
Kjósarsýslu .....	250	1000	1250	2000	500			5000	
Kópavogs .....						1200	250	3950	
Mýrdælinga .....	500			1000	2000			3500	
N-Pingeyinga .....		1000						1000	
Rangæinga .....	1400	2500	2000		575			6475	
Reykjavíkur .....	39980	13200	51800	9390	10650	1150	4403	130573	
Sigluferðar .....					1000			1000	
Skagfirðinga .....	5600	300	1500	1150	500	14550		23600	
Stykkishólms .....	450	500	1000		1000		500	3450	
Strandasýslu .....					1000			1000	
Súgandafj. ....	300	500	500		500			1800	
S-Pingeyinga .....	3705	5320	4315	19660		4760	2190	41120	
V-Barðastr. ....	1000		2600		1750			5350	
V-Ísfirðinga .....	1000	1000	1000		2000			5000	
Samtals	96745	43020	85865	54525	34025	50070	2440	15008	377.598

synlegt að fylgjast vel með gróðursetningum frá árunum 1950 til 1960, en þeir aldursflokkar hafa sums staðar náð þeim vexti, að ekki verður lengur hjá því komist að grísla frá þeim og auka við þá hirðingu.

Ár hvert leggja félögin töluvert fé til undirbúnings á gróðursetningum. Þannig nam annar skóggæðslukostnaður kr. 350 þús. árið 1970.

Þess var getið hér að framan, að fyrir milligöngu Skógræktarfélags Íslands hefði fengist fé úr Landgræðslusjóði til aðstoðar félögum. Fé þetta hefur aðallega verið notað til endurnýjunar á girðingum og umhírðu plantna. Því hefur verið skipt milli félaganna á þann hátt, að það nýttist sem best hverju sinni, t.d. á einu félagssvæði í senn. Frá því að fyrst var byrjað á að veita félögum þessa aðstoð, hefur hún gengið til félaga á Vestfjörðum, Suðurlandi, S-Austurlandi og Norðurlandi eystra. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og verið félögum ómetanlegt. Sannast að segja hefur það gert þeim kleift að sinna verkefnum, sem að öðrum

kosti hefðu dregist úr hömlu um ófyrirsjáanlegan tíma.

UNGLINGAVINNA

Vinna unglina í störfum félaganna er nú orðin það umfangsmikil, að rétt er að gera henni nokkur skil.

Að undanförmu hefur verið aflað upplýsinga um þessa unglingsvinnu, þó ekki gagngert fyrr en síðustu tvö árin. Allt virðist benda til, að störf unglina að skóggæðslu og trjárækt hafi aukist mjög, og að þau séu umfangsmeyri en flesta grunar.

Á s.l. ári tóku 9 félög þátt í unglingsvinnunni, í samstarfi við sveitar- og bæjarfélög, og munu rösklega 600 unglingar hafa unnið að ýmsum skógræktarstörfum um lengri eða skemmri tíma. Unglingarnir, sem flestir voru á aldrinum 13-16 ára, unnu um 9.900 dagsverk. Útgjöld við vinnuna urðu um 3,8 millj. króna, og í þeirri upphæð eru innifalin vinnulaun

## GRÓÐURSETNING Á EINSTÖKUM SVÆÐUM 1970

	<i>Staður</i>	<i>Fjöldi plantna</i>
Skógræktarfélag Austurlands	Eyjólfstaðir	5000
- Árnesinga	Snæfoksstaðir	19000
- Borgarfjarðar	Grímsstaðir	5000
- -	Hamarsgirðing	8000
- Dalasýslu	Laugar	3000
- Eyfirðinga	Kjarnaskógur	19500
- Hafnarfjarðar	Gráh.hr. og Lækjarb.	4500
- -	Hvaleyrarvatnsg.	5050
- Heiðsynninga	Bjarnarfossgr.	3000
- Ísafjarðar	Tungudalur	7000
- Kjósarsýslu	Vindáshlíð	3000
- Reykjavíkur	Heiðmörk, Öskjuhlíð	130573
- Skagfirðinga	Hólar	4000
- -	Brekka	6000
- -	Varmahlíð	4000
- S-Þingeyinga	Fosselskógur	19435
- -	Ysta fell I	4270
- -	- II	4270
		<hr/> Alls 254718

unglinganna, verkstjórn, akstur og sitthvað fleira. Miðað við árið 1969 varð um aukningu á vinnu unglunga að ræða, og munar þar mestu um framlög Kópavogskaupstaðar og Reykjavíkurborgar til fegrunar á útivistarsvæðum.

## NOREGSFERÐ

Á s.l. ári var efnt til skiptiferðar á norsku og íslensku skógræktarfólki, og stóðu að þeirri ferð Skógræktarfélag Íslands og Det norske Skogselskap. Var þessi ferð sú áttunda í röðinni, en sú fyrsta var farin árið 1949 að frumkvæði Torgeirs Andersen-Rysst, sendiherra. Að þessu sinni fóru 74 Íslendingar til Noregs og jafnmargir Norðmenn komu hingað. Norska fólkinu var skipt niður á nokkra staði á landinu. Stærstu hóparnir dvöldu á Hallormsstað og Haukadal, en hinir fámennari í Eyjafirði, S.-Þingeyjarsýslu, Borgarfirði og Snæfellsnesi. Norðmennirnir unnu aðallega að gróðursetningu, en að auki nokkuð að grisjun og hirðingu ungvíðis. Meðan þeir dvöldust hér, gafst þeim kostur á að skoða sig um. Ýmsir aðilar greiddu götu þeirra og gerðu þeim dagamun. Voru Norðmennirnir mjög ánægðir með dvöl sína og rómuðu allar viðtökur.

Íslendingarnir, sem til Noregs fóru, dvöldust á tveimur stöðum á Roglandi, Kolnesi á Jaðri og Sandi í Rygjafylki. Þegar dvalartími var hálfnaður, skiptu hóparnir um staði. Unnið var eingöngu að gróðursetningu plantna, bæði hjá einkaaðilum og sveitarfélögum.

Þótt Íslendingarnir dvöldust aðallega á fyrrgreindum stöðum, gafst þeim tækifæri til ferðalaga. Heimsóttu þeir sögufræga staði, s.s. Utsteinsklaustur. Hafursfjörð og Ögvaldsnes. Að lokinni dvöl á Rogalandi var farið til Osló og staldrað þar við daglangt. Var ferðafólkinu sýndur bærinn og helstu merkisstaðir.

Hvarvetna í Noregi var Íslendingunum tekið opnum örmum, og allt til þess gert að gera þeim dvölina sem ánægjulegasta og eftirminnanlegasta, enda var allur undirbúningur eins góður sem verða mátti.

Það má eflaust deila um beinan ávinning af skiptiferðunum. Kostnaður við þær hefur oftast verið meiri en það, sem náðst hefur aftur með vinnu þátttakenda. En hinsvegar verða skiptiferðirnar aldrei einungis metnar til fjár. Þeir, sem farið hafa þessar ferðir, hafa bæði haft gagn og gaman af. Í ferðunum hafa þátttakendur kynnst mörgu fólki í daglegri önn og komist þannig í snertingu við lifnaðarhætti,

atvinnuvegi og sögu frændþjóðarinnar. Þess vegna hafa ferðirnar mikið menningarlegt gildi fyrir utan þau kynni, sem þátttakendur fá af norskrí skógrækt.

#### LEIÐBEININGAR OG FRÆÐSLA

Leiðbeiningum og fræðslu í skógrækt var hagað á svipaðan hátt og áður. Heimsótt voru 12 félög á árinu og þeim veittar upplýsingar og leiðbeiningar um ýmiss atriði.

Ljóst er, að auka þyrfti leiðbeiningarstarfsemi við félögin mikið frá því, sem nú er. Enda þótt félögin njóti verulegrar aðstoðar skógarvarða, þykir einsýnt að þörf væri á að félögin réðu til viðbótar annan starfsmann til leiðbeininga og fræðslu. Að vísu urðu leiðbeiningarstörfin nokkuð viðráðanlegri eftir 1955, þegar félögin tóku að beina gróðursetningum sínum á færrí staði, en því ber ekki að leyna að aðstoð við eigendur trjágarða og minni trjáreita hefur verið minni en skyldi. Þetta er augljóst, þegar haft er í huga, að trjáreitir á vegum félaganna og einstaklinga innan þeirra eru nú hátt á fjórða hundrað að tölu. Með vaxandi störfum eykst þörfin fyrir nýjan starfsmann og fyrr en seinna hlýtur að koma að því að leysa verður úr þessari þörf.

Á fyrra ári voru óvenju margir fræðslufundir haldnir, bæði hjá félögum og í skólum. Í því sambandi var sú nýbreytni tekin upp hjá einu félaganna, Skógræktarfélagi Kópavogs, að halda

fræðslufundi reglulega einu sinni í mánuði. Á þeim komu fram margir fyrirlesarar, sem fjölluðu ekki aðeins um skóggæðslu heldur einnig um ýmsar skildar greinar ræktunar, s.s. skrudgardarækt o.fl. Þessi fjölbreytni gafst mjög vel og kom greinilega fram í góðri fundarsókn. Væri æskilegt að þau félög, sem aðstoðu hefðu til slíkrar kynningar, athuguðu, hvort ekki væri mögulegt að auka félagsstarfsemina á þennan hátt. Slík tilhögun mundi eflaust glæða áhuga félagsmanna fyrir félagsstörfunum og gera þau fjölbreyttari og lífrænni en ella.

#### FJÁRHAGUR FÉLAGANNA

Hér að framan hefur lauslega verið greint frá helstu störfum félaganna á s.l. ári. Til þeirra hefur að sjálfsögðu verið varið töluverðu fjármagni. Í sem stytstu máli voru framlög félaganna þessi, að undanskildu Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Félögin keyptu plöntur fyrir rösklega 915 þús. króna, og fyrir vinnu við gróðursetningu greiddu þau kr. 688 þús. króna. Þessir tveir kostnaðarliðir eru langstærstir og hefur reyndar verið svo frá því fyrsta. Til umhirðu plantna og grisjunar fyrir gróðursetningu var varið kr. 363 þúsundum. Til girðinga kr. 487 þús., þar af til nýrra girðinga 210 þús. króna. Hluti þessarar upphæðar fór til efniskaupa. Annar skóglendiskostnaður s.s. akstur, viðhald vega o.fl. varð kr. 350 þús. Til félagskostnaðar greiddu fé-

*Frá skógræktarferðinni til Noregs 1970. Heimsókn Íslendinganna að bændabýli í Rygjafylki.*

*Ljós.: Sn. Sig.*





Frá skógræktarferðinni til Noregs 1970. Myndin tekin af Íslendingunum fyrir framan gamalt stafbúr á byggðasafninu í Suldal.

Ljós.: Sn. Sig.

lög 364 þúsund krónur, sem er allhá upphæð af heildarkostnaði. Að auki greiddu þau 478 þús. krónur í ýmsan annan kostnað, s.s. afborganir og vexti af lánum.

Af þessu sést, að alls námu framlög félaganna á árinu 1970 röklegga 3,6 millj. króna. En við þetta bætist vinna sú, er sjálfbodaliðarnir lögðu fram. Alls voru það 1150 dagsverk, þannig að framlögin, að undanskildu plöntuuppeldi, munu hafa verið um 4,3 millj. króna. Plöntuuppeldið í Reykjavík og á Akureyri kostaði um 3,2 millj. króna, - en hér koma á móti tekjur gróðrarstöðvanna, sem voru verulegar, þannig að þær hrukku nokkurn veginn fyrir útgjöldum, þegar uppeldið er tekið undir eitt.

Tekjur félaganna á árinu voru þessar helstar: Ríkisstyrkur var kr. 1450 þús., og hækkaði hann um kr. 250 þús. frá fyrra ári. Lætur nærri, að aðstoð hins opinbera við félögin hafi nægt fyrir kaupum á plöntum og gróðursetningu, og munar um minna. Ríkisstyrkurinn hefur ávallt verið félögunum mikil hvatning. Þetta sést best, þegar borin eru saman störf félaganna við framlög hins opinbera, en þetta tvennt hefur fylgst að, þannig að aukning í styrk hefur aukið aðra fjáröflun félaganna, sem svo aftur hefur komið fram í vaxandi starfsemi.

Styrkir frá sýslufélögum hækkuðu nokkuð á árinu 1970, úr kr. 210 þús. í kr. 250 þús. Sveitarfélagsstyrkir námu kr. 538 þús., og aðrir styrkir voru um kr. 458 þús. Tekjur af plöntu-

sölu, árgjöldum o.fl. námu kr. 599 þús., og aðrar tekjur s.s. af skemmtanahaldi voru kr. 348 þús. Þá styrkti Landgræðslusjóður félögin til endurbóta á girðingum og umhirðu plantna, og námu útgjöld við þau verk kr. 200 þús. Alls urðu tekjur félaganna, að undanteknu plöntuuppeldi um 3,6 milljónir króna. Hér hefur ekki verið greint frá gjöldum og tekjum Skógræktarfélags Íslands, enda ekki ástæða til, þar sem reikningum félagsins er ætlað sérstakt pláss hér í ritinu.

Eins og sjá má af þessu yfirliti, sem tekið er saman úr reikningum félaganna, að tekjur og gjöld svo að segja standast á, enda má segja að þau noti jafnharðan allt það fjármagn, sem þau afla sér hverju sinni. Þetta gefur til kynna að yfirlétt fer allt það fé, sem aflað er, til árlegs reksturs. Lítið er lagt til hliðar til fjárfestinga, t.d. til landakaupa. Má segja, að þetta sé að nokkru leyti eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess ástands, sem ríkt hefur í peningamálunum og einnig hins, að ekki er fyrir hendi nein áætlun fram í tímann um þátt félaganna í skógræðslustarfinu. Skal nú vikið að þessu síðarnefnda.

#### SKÓGRÆDSLÚÁÆTLUN

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Akureyri 1970, er haldinn var á fertugsafmæli félagsins, var samþykkt tillaga þess efnis, að brýna



## RÍKISSTYRKUR TIL SKÓGRÆKTARFÉLAGA 1970

Skógræktarfélag Akraness .....	kr. 20.000,00
- Austurlands .....	15.000,00
- Árnesinga .....	83.000,00
- A.-Húnavetninga .....	55.000,00
- A.-Skaftfellinga .....	12.000,00
- Bolungarvíkur .....	24.000,00
- Borgarfjarðar .....	83.000,00
- Björk .....	9.000,00
- Dalasýslu .....	12.000,00
- Eyfirðinga .....	105.000,00
- Hafnarfjarðar .....	42.000,00
- Heiðsynninga .....	19.000,00
- Ísafjarðar .....	50.000,00
- Kjósarsýslu .....	20.000,00
- Kópavogs .....	30.000,00
- Mörk .....	6.000,00
- Mýrdælinga .....	11.000,00
- Neskaupstaðar .....	11.000,00
- N.-Þingeyinga .....	6.000,00
- Rangæinga .....	35.000,00
- Reykjavíkur .....	105.000,00
- Seyðisfjarðar .....	4.000,00
- Siglufjarðar .....	10.000,00
- Skagafjarðar .....	10.000,00
- Stykkishólms .....	38.000,00
- Strandasýslu .....	6.000,00
- Suðurnesja .....	12.000,00
- Súgandafjarðar .....	20.000,00
- S.-Þingeyinga .....	80.000,00
- V.-Barðstrendinga .....	26.000,00
- V.-Ísfirðinga .....	16.000,00
- Íslands .....	<u>400.000,00</u>
Alls kr.	1.450.000,00

nauðsyn bæri til þess að efna til könnunar og endurmats á stefnu og starfi í skógræktarmálunum, og gerðar yrðu áætlanir um markmið og leiðir fram í tímann, byggðar á fenginni reynslu og niðurstöðum rannsóknna og tilrauna.

Af þessu er ljóst, svo ekki verður um villst, að gert er ráð fyrir endurskoðun og mati á störfum og markmiði skógræktar í landinu og að slíku mati fengnu yrði gerð heildaráætlun um skógræktarstarfið. Það gefur auga leið, að ef ráðist er í gerð starfs- og markmiðsáætlunar, verður hún að byggjast á skýru mati á því ástandi, sem nú ríkir í þessum málum, með hliðsjón af þeim breytingum í starfi og stefnu, sem átt hafa sér stað á undanförunum árum.

Þegar horft er um öxl og gaumgæfð er starfsemi skógræktarfélaganna frá upphafi, kemur í ljós, að nokkurra breytinga hefur gætt í störfum þeirra. Í fyrstu unnu þau nær eingöngu að trjárækt og það í smáum stíl. Eftir því sem þeim óx fiskur um hrygg urðu störf þeirra fjölbættari. Fleiri félög og deildir innan þeirra voru stofnuð, og varð þetta m.a. einstaklingum hvatning til þess að koma upp skóg- og trjáreitum til sveita og í þéttbýli. Með vaxandi getu félaganna, upp úr 1955, ráðast mörg þeirra í að friða stærri svæði til skógræðslu, en með því beina þau kröftum sínum í nýjan farveg. Til þessa liggja eflaust fleiri ástæður, en það sem réði mestu um þessa stefnubreytingu var vaxandi plöntuframléiðsla gróðrarstöðvanna á árunum eftir 1945 og þó sérstaklega eftir 1955, þegar framléiðslan nær hámarki. Enda þótt plöntuframléiðslan hafi ráðið mestu um stefnu í málum skógræktarinnar fram til þessa, er samt augljóst, að þetta er ekki það grundvallaratriði, sem byggja skal á í framtíðinni. Hér hlýtur landið með kostum sínum og göllum, og nýting þess að ráða mestu um. Framtíðarstörf skógræktarfélaganna hljóta því að mótast aðallega af þessu, auk margra annarra þátta, sem meir eru bundnir aðstæðum á hverju félagssvæði. Þetta hefur orðið mörgum íhugunarefni, og hefur reyndar oft borið á góma innan raða skógræktarmanna, þótt það hafi ekki verið áður tekið fyrir á aðalfundi með slíkri festu og raun varð á.

Ég hygg, að engum dyljist nauðsyn þess, að heildaráætlunargerð í skógræðslu nái fram að ganga. Eflaust munu menn greina á um framkvæmd slíkrar áætlunar og mikilvægi hinna

ýmsu þátta hennar. Og allir þeir, sem eitthvað hafa hugsað um þessi mál, hljóta að skilja, að ætlunargerð sem þessi mun kosta mikið fé og mikla vinnu.

Það gefur auga leið, að störf skógræktarfélaganna að hverskonar skógræðslu munu verða sem hingað til snar þáttur í skógrækt hér á landi. Félagin munu því að sjálfsögðu standa að og móta þá stefnu, sem tekin verður. Því veltur á miklu, að góð samstaða náist innan félaganna um framgang málsins, og að þau láti sitt ekki eftir liggja til þess að vinna að og hraða sem mest áætlunargerð um skógræðslu.

## Ágrip úr ársskýrslum Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins árin 1969-1970

Árið 1969

### I. INNGANGUR

Starfsemi stöðvarinnar mótaðist af naumri fjárveitingu og hækkandi verðlagi. Einkum kom þetta niður á tilraunastarfsemi úti á landi. Auk mín starfaði hér allt árið Þórarinn Benedikz, skógræðingur. Um sumarið vann hér garðyrkjumaður og ein stúlka.

### II. TILRAUNIR Á MÓGILSÁ

*Veðurathuganir* fóru fram svo sem árið áður, nema hvað við bættust hitamælingar við jörð og jarðvegshitamælingar. Helstu niðurstöður eru í eftirfarandi töflu, en allar niðurstöður eru birtar í tímairiti Veðurstofu Íslands, Veðráttunni. Allar hitamælingar eru í celsíusgráðum og eru meðaltöl fyrir hvern mánuð. Úrkoma er mæld í mm.

Til samanburðar má geta þess, að árshiti í Reykjavík var 4.0 stig, sem er 1 stigi undir meðallagi. Sumarhiti var þar 9.4, sem er 0.6 stigum undir meðallagi. Úrkoma var þar á árinu 933 mm, sem er 115% af meðalúrkomu. Sumarúrkoma var þar 351 mm, og er það 154% af meðalúrkomu.

Úrkomulausir dagar á tímabilinu júní til september 16 talsins, en voru 39 árið áður. Frost komst í ca. 75 cm dýpi. Klaki fór úr jörðu við veðurstöðina 20. maí, en sumstaðar ekki fyrr en eftir mánaðamót. Jarðvegur náði aðeins að þorna í maílok, en var síðan að heita má vatnsósa allt sumarið. Á útmánuðum voru norðanáttir og þurranæðingar tíðir, og litu barrplöntur ekki vel út eftir veturinn. En allan seinni hluta ársins voru norðanáttir sjaldgæfar og óvenjumikið hægviðri.

*Sáning.* Sáð var 88 sýnum af fræi, samtals 1.285 kg í 19.32 m<sup>2</sup>. Eins og tölurnar bera með sér, voru fræsýnin mjög smá og spíruðu lítið flest þeirra.

*Dreifsetning* var með meira móti. Alls voru

dreifsettar 27.250 plöntur af 35 afbrigðum. Þar af voru 22 afbrigði af sitkagreni, sex þeirra íslensk. Afföll urðu lítil, en vöxtur ekki nema í meðallagi.

*Stiklingaræktun* í gróðurhúsi var mun meiri en verið hefur. Alls voru settir 2.635 stiklingar. Mestur hluti, eða 1750, voru af sitkagreni. Reynt var að taka sitkagrenistiklinga á ýmsum tímum árs og þeir settir með eða án hormóna. Bestur árangur varð af stiklingum teknum í marslok eða aprílbyrjun, þ.e. í vetrardvala, rættust 66% þeirra. Lakari árangur varð ef notaðir voru hormónar.

Þessar tilraunir eru allar gerðar í gróðurhúsi við rúmlega 20 stiga hita, svipaðan undirhita og rakastig milli 90 og 100%.

Þá voru gerðar tilraunir með græðlinga af ýmsum öðrum tegundum, einkum birki og lerki. Ýmsar aðferðir voru reyndar með þessar tegundir. Bestur tími til töku birkiastiklinga virðist vera að sumarlagi, þegar ársprotinn hefur náð hæfilegum þroska og stærð. Mikill einstaklingsmunur er á hæfni til rótarmyndunar, því af sumum sýnum rættust um 50% en af öðrum enginn, en í ljós kom að auðveldara er að ræta stiklinga af ungum trjám en gömlum. Tilraunir með lerkistiklinga gáfu engan árangur.

*Frærannsóknir* voru með líku sniði og áður. Alls voru gerðar spírunarathuganir á 167 fræsýnum. Þúsundkornavigt var tekin af öllum stærri sýnum. Stöðin annaðist geymslu og útsendingu alls þess fræs, sem notað er í gróðrarstöðvum Skógræktar ríkisins.

*Fræþresking* var með meira móti, því að talsvert fræfall var á ýmsum erlendum trjátegundum á Hallormsstað. Voru könglarnir sendir stöðinni og þresktir hér og fræið síðan afvængjað og hreinsað. Alls urðu þetta 21 afbrigði og tegundir og skulu hér nefnd hin helstu:

Rauðgreni frá ýmsum stöðum á Hallormsstað	3.325 kg,	spírun	0-3%
Sitkagreni, Lýsishól	0.225 -	-	17%

Blágreini, Mörkinni ..	0.900 -	-	21%
Broddfura, Mörkinni .	2.500 -	-	52%

Sumarhiti á Hallormsstað var 9.4 stig, sem er 0.2 stigum undir meðallagi, en jafnframt er vert að geta þess, að ágústmánuður var 1.1 stigi yfir meðallagi. Það vekur eftirtekt, að blágreini og sitkagreini virðast þurfa minni sumarhita til fræþroskunar en rauðgreini. Einnig kemur fram hér, sem lengi hefur verið kunnugt, að broddfuran ber vel þroskað fræ við lágan sumarhita.

Síðari hluta sumars voru gerðar athuganir á birkifræi víðsvegar um land, með tilliti til væntanlegrar fræsöfnunar. Kom í ljós, að á Suður- og Norðurlandi var óvenjulega mikið af birkiflugulirfum (*Semudobia betulae*) í fræinu. Var því áhersla lögð á fræsöfnun á Hallormsstað og í Örafum. Til fróðleiks skal hér sett upp tafla yfir spírun birkifræs þess, sem barst stöðinni til rannsóknar haustið 1969:

Haukadalur .....	7%
Heiðmörk .....	4%
Kollafjörður .....	24%
Efri-Hreppur .....	8%
Borgarnes .....	16%
Húsafell .....	22%
Hrútey .....	4%
Sauðanes .....	4%
Vaglir .....	8%
Hrafnsgerði .....	40%
Droplaugarstaðir .....	39%
Geitagerði .....	35%
Hallormsstaður, Mörkin, skjólbelti .....	53%
- - limgerði .....	56%
- - valin tré .....	13%
Skaftafell, Heimabrekkur .....	49%
- Hálsar .....	33%

Eins og sjá má, var spírun æði misjöfn í hinum ýmsu landshlutum, en einnig innan sama svæðis. Oft er erfitt að ná góðu fræi af gömlum og völdum trjám.

### III. TILRAUNIR ÚTI Á LANDI

Minna en skyldi varð úr tilraunum úti á landi sökum fjárskorts. Mældir voru allir tilraunafletir á Stálpastöðum. svo og tilraunafletir í Haukadali.

Í sumar kom hingað prófessor Finn Roll-

